

Ed.

27. Frumvarp til laga

[27. mál]

um eiturefni og hættuleg efni.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968.)

I. KAFLI
UPPHAFSÁKVÆÐI

Eiturefni og hættuleg efni.

1. gr.

Eiturefni (sterkt eitur; eitur) eru samkvæmt lögum þessum efni þau, sem skráð eru á listum I og II í viðauka I við lögin, svo og sérhver efnasamsetning og varningur, er hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu á eitrunum í mönnum og dýrum samkvæmt mati landlæknis að fenginni umsögn eiturefnanefndar (sbr. 2. gr.).

Hættuleg efni eru samkvæmt lögum þessum efni þau, sem skráð eru á listum III, IV A, IV B og V í viðauka II við lögin, svo og sérhver efnasamsetning og varningur, er hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu fyrir heilsu manna og dýra samkvæmt mati landlæknis að fenginni umsögn eiturefnanefndar (sbr. 2. gr.).

Eiturefnanefnd.

2. gr.

Ráðherra skipar 4 menn í eiturefnanefnd til 6 ára í senn samkvæmt tillögum landlæknis. Einn nefndarmanna skal vera eiturefnafræðingur (toxikolog), og er hann formaður nefndarinnar. Annar nefndarmanna skal vera lyfjafræðingur (candidatus pharmaciae). Þriðji nefndarmanna skal vera efnafræðingur (efnaverkfræðingur) og fjórði skal vera heilsufræðingur eða maður með heilsufræðilega þekkingu.

Eiturefnanefnd gerir tillögur um breytingar og viðbætur við lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. gr. Nefndin gerir einnig tillögur um gerð nýrra lista, ef þörf gerist, og annað, sem að lögum þessum lýtur, í umsjá landlæknis. Nefndin skal gera lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sem viðurkennd eru til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, sbr. 14. gr. Eiturefnanefnd má kveðja til ráðuneytis um framkvæmd annarra laga, ef þörf gerist (sbr. einnig 15. gr. 1. málsg.).

Pegar nefndin fjallar um eiturefni og hættuleg efni, sem notuð eru í garðyrkju, landbúnaði eða við grasrækt, tekur sæti í nefndinni maður, sem atvinnuáráðuneytið tilnefnir, og er hann sérfróður um slík málefni.

Nefndin getur kvatt sérfróða menn sér til ráðuneytis, ef þörf gerist.

Kostnað við störf eiturefnanefndar skal greiða úr ríkissjóði.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti eiturefnanefndar.

3. gr.

Ákvæði laga þessara taka ekki til eiturefna og hættulegra efna, ef þau eru notuð samkvæmt ákvæðum:

- 1) lyfsölulaga, nr. 30 29. apríl 1963 (lyf, dýralyf),
- 2) laga um eyðingu á minkum og refum, nr. 52 5. júní 1957, sbr. lög nr. 9 19. marz 1964, enda er notkun eiturefna og hættulegra efna í þessu skyni óheimil nema með samþykki eiturefnanefndar (sbr. einnig 5. gr. 3. málsgr.),
- 3) laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, nr. 23 1. febr. 1952,
- 4) laga um innflutning, sölu og meðferð á skotvopnum, skotfærum, alls konar sprengjum og hlutum og efni í þau, nr. 69 23. júní 1936,
- 5) laga um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum, nr. 95 20. des. 1962.

II. KAFLI

ÁKVÆÐI VARÐANDI EITUREFNI

Framleiðsla eiturefna.

4. gr.

Eiturefni mega þeir einir framleiða, er til þess hafa fengið leyfi ráðherra, enda mæli öryggismálastjóri og eiturefnanefnd með veitingu slíkra leyfa.

Blöndun og þynning eiturefna og pökkun í söluhaf ílát og umbúðir, þar með talið umpökkun og umhelling, svo og íburður í klæði, skoðast framleiðsla, nema öðruvísi sé ákveðið (sbr. 5. gr. 2. málsgr.).

Viðtaka eiturefna.

5. gr.

Þeir einir, er hér greinir, mega veita viðtöku, kaupa, selja eða flytja inn eiturefni:

- 1) framleiðendur eiturefna, sbr. 4. gr.,
- 2) forstöðumenn efnagerða, efnaverksmiðja eða annarra fyrirtækja, er tilkynnt hafa öryggismálastjóra, að við rekstur eða framleiðslu fyrirtækjanna sé þörf tiltekinna eiturefna,
- 3) Lyfjaverzlun ríkisins, aðrar lyfjagerðir og lyfjaheildverzlanir,
- 4) lyfjabúðir og lækna (dýralækna), sem hafa leyfi til lyfjasölu,
- 5) verzanir, sem fengið hafa leyfi ráðherra til þess að selja eiturefni og hættuleg efni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra,
- 6) spítalar og viðurkenndar rannsóknastofur,
- 7) einstaklingar 18 ára eða eldri, er framvísa þeim aðilum, er greinir í 1.—5. tölulið, sérstökum eiturbeiðnum eða öðrum gildum leyfum til kaupa á eiturefnum, sbr. 6. gr.

Fyrirtækjum, sem greind eru í 3., 4. og 5. tölulið að framan og verzla með eiturefni, er þó heimilt (sbr. 4. gr. 2. málsgr.) að vega þau sundur, blanda eða þynna og umpakka eða umhella í ný, söluhaf ílát.

Ákvæði þessi varðandi sölu og innflutning gilda einnig um eiturefni til útrýmingar á minkum og refum (sbr. 3. gr. 2. tölulið).

Eiturkaup einstaklinga.

6. gr.

Einstaklingar mega kaupa eiturefni til eigin nota, ef þeir framvísa sérstökum eiturbeiðnum eða öðrum gildum leyfum til kaupa á eiturefnum, sbr. 7. tölulið 1. málsgr. 5. gr.

Lögreglustjóri gefur út eiturbeiðnir. Láta má úti einu sinni gegn sömu eiturbeiðni, ef um er að ræða efni, sem talið er á lista I, en þrisvar sinnum, ef um er að ræða efni, sem talið er á lista II. Eiturbeiðnir gilda lengst í eitt ár frá útgáfudegi.

Nú nota iðnaðarmenn eða aðrir einstaklingar tiltekin eiturefni að staðaldri við störf sín. Má þá veita leyfi til kaupa á umræddum efnum, er gilda til 1—3 ára í senn.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði lútandi að útgáfu eiturbeiðna og annarra tilsvarandi leyfa, afgreiðslu þeirra og varðveizlu.

Hlíta skal um kaup á eiturefnum til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra fyrirmælum þar að lútandi, er sett verða í reglugerð (sbr. 14. gr.).

Útlát eiturefna.

7. gr.

Eiturefni má einungis selja eða afhenda þeim, sem er 18 ára eða eldri. Eigi má afhenda eiturefni, ef ástæða er til þess að ætla, að viðkomandi kynnu að fara sjálfum sér að voða eða gætu unnið öðrum tjón með efnunum sökum geðveiki, ölvunar, vanþroska, vanstillingar eða fákunnáttu o. s. frv.

Fyrirtæki og einstaklingar, er ræðir í 1.—5. tölulið 1. málsg. 5. gr., mega einir láta úti og selja eiturefni. Fyrirtæki, sem talin eru í 2. tölulið, mega einungis selja eiturefni svo fremi, að efnin séu hluti af venjulegri framleiðsluvöru þeirra. Heimilt er að selja á frjálsum markaði varning, er inniheldur tiltekin eiturefni, enda skal þá gæta fyrirmæla að þessu lútandi, er sett verða í reglugerð (sbr. 16. gr.). Auglýsa skal sérstaklega slíkar undanþágur (sbr. 21. gr.) frá 5. gr. laganna.

8. gr.

Eiturefni skal láta úti og selja í sterkum og velluktum ílátum. Ílátin skulu vera þannig útlits eða svo greinilega auðkennd, að ekki verði villzt á þeim og ílátum, sem notuð eru undir lyf, matvæli og yztu umbúðum um eiturefni skulu vera íslenzk eiturmerki, svo og nauðsynleg varnaðarorð, sbr. 17. gr.

Eiturmerki má ekki nota á ílát og umbúðir um önnur efni en þau, sem talin eru á listum I og II, nema slíkt sé sérstaklega heimilað í lögum eða reglugerðum.

Varðveizla eiturefna.

9. gr.

Fyrirtæki og einstaklingar, sbr. 5. gr., skulu hlíta ákvæðum laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum varðandi varðveizlu eiturefna og ákvæðum laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum svo fremi, að nefnd lög taki til þeirra. Um Lyfjaverzlun ríkisins, aðrar lyfjagerðir og lyfjaheildverzlanir og lyfjabúðir (sbr. 3. og 4. tölulið 1. málsg. 5. gr.), gilda enn fremur ákvæði lyf-sölulaga.

Hlíta skal í verzlunum, er leyfi hafa til þess að selja eiturefni til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (sbr. 5. tölulið 1. málsg. 5. gr.), fyrirmælum að þessu lútandi, er sett verða í reglugerð (sbr. 14. gr.).

Í spítölum og viðurkenndum rannsóknastofum (sbr. 6. tölulið 1. málsg. 5. gr.) skal varðveita eiturefni í umbúðum seljanda eða í öðrum umbúðum jafntryggum. Einstaklingar (sbr. 7. tölulið 1. málsg. 5. gr.) skulu varðveita eiturefni í umbúðum framleiðanda (seljanda).

Eiturefni skal jafnan varðveita tryggilega og þannig, að þau séu skilin frá matvælum og dýrafóðri, einnig frá lyfjum, fegrunar- og snyrtiefnum og þannig, að óviðkomandi nái ekki til þeirra.

III. KAFLI ÁKVÆÐI VARÐANDI HÆTTULEG EFNI

Útlát hættulegra efna.

10. gr.

Hættuleg efni skal láta úti og selja í sterkum og velluktum ílátum. Ílátin skulu vera þannig útlits eða auðkennd, að ekki verði villzt á þeim og ílátum, sem notuð eru undir lyf, matvæli, dýrafóður eða önnur óskaðleg efni. Ílátin skulu vera greinilega merkt og getið innihalds. Á ílátum og yztu umbúðum skulu enn fremur vera varnaðarorð á íslenzku, sbr. 17. gr.

Varðveizla hættulegra efna.

11. gr.

Hættuleg efni skal varðveita í umbúðum seljanda eða öðrum umbúðum jafntryggum.

Hættuleg efni skal varðveita tryggilega og þannig, að þau séu skilin frá matvælu og dýrafóðri, einnig frá lyfjum, fegrunar- og snyrtiefnum og þannig, að óviðkomandi nái ekki til þeirra.

Hættulegar lofttegundir.

12. gr.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um notkun hættulegra lofttegunda, er ekki hafa lækningagildi og greindar eru á lista V.

IV. KAFLI SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

Almenn ákvæði um notkun.

13. gr.

Nota her eiturefni og hættuleg efni með gát og varúð og þannig, að ekki hljóttist af tjón á mönnum og húsdýrum eða matvæli mengist af efnunum (sjá 15. gr.), sbr. einnig ákvæði laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

Nú myndast eða koma fram eiturefni eða hættuleg efni, sem úrgangsefni við iðnrekstur, annan atvinnurekstur eða á annan hátt. Skal þess þá jafnan gætt, að efnin valdi ekki tjóni á mönnum (sbr. ákvæði laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum) og húsdýrum, né mengi umhverfið (andrúmsloft, jarðveg og vötn, þar með talið grunnvatn og vatnsból) þannig, að mönnum, dýrum eða plöntum geti stafað hættu af. Ráðherra setur eftir tillögum landlæknis og eiturefnaneftndar í reglugerð nánari ákvæði til þess að koma í veg fyrir mengun lofta, láða og lagar af völdum eiturefna og hættulegra efna, ef þörf gerist.

Ákvæði um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

14. gr.

Eiturefni og hættuleg efni, hrein og blönduð, má því einungis selja eða flytja til landsins og nota sem plöntulyf, örgresisefni, stýriefni eða sem útrýmingar efni, að þau hafi verið skráð á listum yfir slík efni, annaðhvort með samheiti eða með sérheiti framleiðanda, sbr. 2. málsg. 2. gr. Ráðherra setur nánari ákvæði um framangreind efni í reglugerð.

Ákvæði um matvæli og fóðurvörur.

15. gr.

Eiturefni og hættuleg efni má ekki setja í eða blanda saman við matvæli (þar á meðal sælgæti) eða fóðurvörur, nema það sé sérstaklega heimilað í reglugerð samkvæmt lögum þessum, lögum um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum eða öðrum lögum. Leita skal álits eiturefnanefndar um íblöndun hvers konar aukefna í matvæli og fóðurvörur, sem ætlaðar eru til sölu almenningi.

Nú er talin hætta á, að matvæli eða fóðurvörur mengist við framleiðslu eða á annan hátt af tilteknum eiturefnum eða hættulegum efnum og þannig, að mönnum eða dýrum geti orðið að tjóni. Ráðherra getur þá í reglugerð að fengnum tillögum landlæknis og eiturefnanefndar kveðið nánar á um hið mesta magn slíkra efna, er vera megi í hverri þyngdar- eða lagareiningu (g, ml).

Nánari reglur um notkun og bann við notkun eiturefna og hættulegra efna.

16. gr.

Ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis og eiturefnanefndar nánari reglur um notkun og bann við notkun eiturefna og hættulegra efna, hvort sem efnin eru notuð hrein, í blöndum eða á annan hátt í samsetningum.

Nánari fyrirmæli um ílát o. fl.

17. gr.

Eiturefnanefnd (sjá 2. gr.) gerir tillögur um gerð íláta og umbúðir, merkingu, eiturmerki og varnaðarorð eða varnaðarmerki varðandi útlát, sölu og varðveislu eiturefna og hættulegra efna. Ráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli að þessu lútandi.

Flutningur.

18. gr.

Um flutning eiturefna og hættulegra efna með skipum, bifreiðum, loftförum, svo og í pósti, skal fara samkvæmt lögum þeim og reglum, er við eiga og í gildi eru hverju sinni. Setja má í reglugerð nánari ákvæði um hvers konar flutning á eiturefnum og hættulegum efnum.

Notuð ílát. — Förgun eiturefna og hættulegra efna.

19. gr.

Tómum flöskum, öðrum ílátum, svo og umbúðum, sem hafa haft eiturefni eða hættuleg efni að geyma, skal farga eða hreinsa þannig, að mönnum eða dýrum stafi ekki hætta af. Að öðrum kosti skal endursenda ílát og umbúðir, luktur og merktar á viðeigandi hátt.

Eigi má farga meiri háttar birgðum af eiturefnum eða hættulegum efnum, nema með samþykki viðkomandi embættislæknis eða eftirlitsmanns, sbr. 20. gr. Ef um er að ræða takmarkað magn nánar tiltekinna efna, er heimilt að farga þeim án vitundar viðkomandi embættislæknis, enda skal þá fara eftir settum fyrirmælum þar að lútandi.

Framkvæmd og eftirlit.

20. gr.

Landlæknir hefur umsjá með málum, er varða eiturefni og hættuleg efni, undir yfirstjórn ráðherra þess, er fer með heilbrigðismál.

Eiturefnanefnd gerir tillögur um framkvæmd laga þessara, og hversu eftirliti með eiturefnum og hættulegum efnum skuli nánar háttað, sbr. 2. gr., sbr. einnig næstu málsg.

Eftirlit með framkvæmd ákvæða laga þessara hefur öryggismálastjóri svo fremi, að það sé í verkahring hans, en að öðrum kosti lögreglustjórar, embættislæknar og eftirlitsmenn samkvæmt lyfsöslulögum, svo og aðrir, er tilnefndir kunna að verða.

Kostnað við framkvæmd og eftirlit skal greiða úr ríkissjóði.

Framangreindir embættismenn og eiturefnanefnd, svo og aðrir, sem tilnefndir kunna að verða, eiga rétt á að skoða verðlanir, verksmiðjur og vinnustaði þar, sem seld eru eða umpökkuð, framleidd, varðveitt eða notuð eiturefni og hættuleg efni eða framleiddur er varningur, sem hefur að geyma slík efni í því formi og magni, að mönnum og dýrum getur stafað hætta af. Þeim er einnig heimilt að rjúfa umbúðir og taka úr þeim sýnishorn til nánari athugunar og rannsóknar. Eigandi sýnishorns getur krafizt kvittunar úr hendi þess embættismanns, er sýnishornið tekur. Á kvittun skal greina magn og tegund sýnishornsins. Handhafi kvittunarinnar á síðan gegn framvísun hennar rétt á endurgreiðslu úr hendi innflytjanda eða framleiðanda.

Embættismenn þeir, er um ræðir í 3. og 5. málsg., geta krafizt þess, að framleiðandi eða innflytjandi gefi yfirlýsingu samkvæmt beztu vitund um innihald eiturefna eða hættulegra efna í tilteknum varningi, svo sem fegrunar- og snyrtiefnum, matvælum og fóðurvöru. Innflytjandi eða framleiðandi sá, er slíka yfirlýsingu gefur, getur krafizt þess, að með hana sé farið sem trúnaðarmál.

Undanþágur.

21. gr.

Ráðherra getur eftir tillögum landlæknis og eiturefnanefndar heimilað, að undanþiggja megi eiturefni og hættuleg efni eða varning, sem hefur slík efni að geyma, að nokkru eða öllu leyti ákvæðum þessara laga. Undanþágur má þó einungis veita svo fremi, að fullnægt sé skilyrðum, sem sett kunna að verða hverju sinni (sbr. 16. gr.) eða greind eru í reglugerðum, sem settar eru samkvæmt heimild í öðrum lögum. Auglýsa skal allar undanþágur frá ákvæðum laganna.

Refsingar.

22. gr.

Um mál, er rísa kunna út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim, fer að hætti opinberra mála.

23. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsá með sektum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt, og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi, allt að 2 árum. Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum eru refsiverðar, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Eiturefni og hættuleg efni, sem inn eru flutt ólöglega eða seld eða framleidd eru ólöglega innanlands, má gera upptæk með dómi og einnig ágóða af slíkri ólöglegri starfsemi. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

V. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

24. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara má setja í reglugerð, er ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis og eiturefnanefndar.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1970.

Með lögum þessum eru numin úr gildi fyrirmæli í lögum, er brjóta í bága við ákvæði laga þessara.

Ákvæði í reglugerðum, auglýsingum og öðrum stjórnvaldsreglum um málefni, sem lög þessi taka til og ekki fara í bága við ákvæði þeirra, skulu gilda áfram, unz þau hafa verið numin úr gildi með stjórnvaldsreglum settum samkvæmt lögum þessum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það til laga um eiturefni og hættuleg efni, er hér liggur fyrir, er að verulegu leyti sniðið eftir tilsvarendi dönskum lögum: Lov om gifte og sundhedsfarlige stoffer, nr. 119 3. maí 1961. Margvíslegar breytingar hafa þó eðlilega verið gerðar á danska textanum. Þannig hefur sumu verið vikið við, öðru sleppt og enn öðru aukið við. Í stórum dráttum má segja, að allar breytingar hafi miðast við það, að frumvarpið gæti fallið sem bezt að íslenskum aðstæðum. Lög um eiturefni og hættuleg efni hafa eigi áður gilt á Íslandi.

Frumvarp þetta er árangur af undirbúningsstarfi, er hafið var þegar á árinu 1962 og fram var haldið árið 1965 og síðan. Hefur Þorkell Jóhannesson, læknir, haft starf þetta með höndum í umsjá landlæknis. Erling Edwald, yfirlyfjafraeðingur Lyfja-verzlunar ríkisins, hefur og verið til aðstoðar við þetta starf.

Helztu atriði frumvarpsins eru:

1. Ákveðið er, hver efni skulu teljast eiturefni og hættuleg efni.
2. Stofna skal eiturefnanefnd, skipaða 4 sérfræðingum. Gerir hún tillögur um framkvæmd laganna og ákveður um flokkun nýrra efna.
3. Ákveðið er, hverjir mega hafa eiturefni og hættuleg efni með höndum og hvernig þau skuli um efnin og varðveita þau.
4. Eftirlit með framkvæmd hefur öryggismálastjóri svo fremi, að það sé í verkahring hans, og lögreglustjórar, embættislæknar, eftirlitsmenn samkvæmt lyf-sölulögum og aðrir, sem til þess kunna að verða nefndir.
5. Ákvæði frumvarpsins taka ekki til eiturefna og hættulegra efna, ef þau eru notuð samkvæmt ákvæðum nokkurra tiltekinna laga. Enn fremur eru undanþágur heimilar.

Skal nú í nokkru gera grein fyrir hinum ýmsu greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Mjög erfitt eða ógerlegt er að skilgreina yfirleitt, svo að viðhlítandi megi kallast, hver efni skuli teljast eiturefni (sterkt eitur, eitur) eða hættuleg efni. Hefur því sá kostur verið tekinn að telja upp öll slík efni, sem máli eru talin skipta, á listum þeim, er hér fylgja (viðaukar I og II).

Á lista I eru talin þau eiturefni (sterkt eitur), er ætla má, að við inntöku gætu valdið dauða manns, enda þótt skammtur væri minni en 1 g. Á lista II eru fyrst og fremst talin vægari eiturefni (eitur), er við inntöku gætu valdið dauða manns, ef skammtur væri allt að 10 g (1—10 g).

Hættuleg efni teljast þau efni, er við inntöku gætu valdið dauða manns, ef skammtur færi fram úr 10 g. Í flokk hættulegra efna eru þó einungis talin slík efni, er við venjulega notkun fela í sér hættu fyrir heilsu manna og dýra. Um viss efni gildir, að þau eru ýmist talin til eiturefna eða hættulegra efna. Í slíkum tilvikum er nánar skilgreint á listum, hvenær telja skuli tiltekið efni til eiturefna og hvenær það skuli talið til hættulegra efna.

Hættuleg efni eru talin á 4 listum: III, IV A, IV B, og V. Er það gert af hagkvæmnisástæðum, m. a. með tilliti til fyrirmæla um notkun, er sett kunna að verða í reglugerðum. Á lista III eru talin margvísleg efni, er mörg hver eru allmjög notuð

í heimahúsum. Á listum IV A og IV B eru talin svokölluð lífræn leysiefni („organiske oplösningsmidler“, „organic solvents“), sem sum hver að minnsta kosti eru víða notuð í heimahúsum („blettavatn“ o. s. frv.) og í iðnaði. Efni á lista IV A eru talin viðsjárverðari en efni á lista IV B og er að því stefnt, að um hin fyrrnefndu verði sett í reglugerð strangari fyrirmæli en um hin síðarnefndu (sbr. fylgiskjal 3). Loks eru á lista V taldar hættulegar lofttegundir, er ekki hafa lækningagildi (sjá 12. gr. á eftir).

Nú geta hin einstöku efni, sem á listum eru talin, komið fyrir í margvíslegum samsetningum efna og blöndum. Getur þá í slíkum tilvikum verið óhjákvæmilegt að skera úr um, hvar í flokk þessum efnasamsetningum skuli skipað. Í frumvarpinu er þannig gert ráð fyrir því, að landlæknir veiti slíka úrskurði að fenginni umsögn eiturefnanefndar (sjá 2. gr. á eftir).

Um 2. gr.

Lagt er til, að skipuð verði nefnd 4 manna til 6 ára í senn. Nefnd þessi kallast eiturefnanefnd. Skal hún gera tillögur um breytingar og viðbætur við lista þá, er frumvarpinu fylgja, svo og um gerð nýrra lista, ef þörf gerist. Starfssvið nefndarinnar er enn fremur ætlað svo rúmt, að hún geti haft forgöngu um framkvæmd flestra þeirra atriða, er í frumvarpinu ræðir og að því lýtur í umsjá landlæknis og undir yfirstjórn ráðherra þess, er fer með heilbrigðismál (sbr. einnig 20. gr. frumvarpsins). Þá er einnig ráð fyrir því gert, að kveðja megi nefndina til ráðuneytis um framkvæmd annarra laga, ef þörf gerist.

Sú er ástæða þess, að í eiturefnanefnd, ef skipuð verður, eiga sæti menn með svo viðtæka sérþekkingu (sbr. á eftir), að eðlilegt er að nýta þá þekkingu til hlítar, ef þörf gerist, enda þótt utan kunni að liggja ramma lagafrumvarps þessa. Er hér reyndar fyrst og fremst haft í huga mat á tiltekinni notkun annarra efna en á listum eru talin, er mikilsverð kann að vera fyrir almannaheill (sbr. 15. gr. 1. málsg. og greinargerð).

Lagt er til, að í eiturefnanefnd eigi sæti auk eiturefnafræðings, sem er formaður nefndarinnar, lyfjafræðingur, efnafræðingur (efnaverkfræðingur) og heilsufræðingur eða maður með heilsufræðilega þekkingu. Er svo til ætlað, að sérfræðiþekking þessara manna sé þess eðlis, að sameiginlega hafi þeir fulla yfirsýn yfir flest þau málefni, sem um ræðir í frumvarpinu (sbr. þó næstu málsg.).

Notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra er sérstökum aðstæðum bundin. Samkvæmt frumvarpinu er því lagt til, að um þetta atriði verði sett sérstök og viðtæk reglugerðarákvæði (sbr. einnig 14. gr.). Eiturefnanefnd skal þannig samkvæmt frumvarpinu gera tillögur um gerð lista yfir eiturefni og hættuleg efni, sem viðurkennd eru til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra. Af þessum sökum er og lagt til, að sérfræðingur, sem atvinnuáráðuneytið tilnefnir, taki sæti í eiturefnanefnd, þegar fjallað er um mál, er varða landbúnað, garðyrkju, grasrækt eða ræktun annarra fóðurjurta sérstaklega. Nefndarmenn geta að auki kvatt sérfræðinga í öðrum greinum sér til ráðuneytis, ef þörf gerist.

Um 3. gr.

Hér ræðir um notkun eiturefna og hættulegra efna í sérstökum tilgangi, er rétt þykir að undanskilja ákvæðum frumvarps þessa, enda eru um þetta í gildi ákvæði annarra laga. Rétt þykir þó að binda notkun eiturefna og hættulegra efna til eyðingar á minnum og refum samþykki eiturefnanefndar.

Um 4. gr.

Eigi er líklegt, að framleiðsla eiturefna hefjist hér á landi á næstunni. Réttmætt þykir engu að síður að gera ráð fyrir þessu. Réttmætt þykir enn fremur að telja blöndun og þynningu eiturefna yfirleitt sem framleiðsla væri, en veita seljendum síðan undanþágu frá þessu ákvæði (sbr. 5. gr. frumvarpsins).

Um 5. gr.

Hér eru þeir greindir, er veita mega viðtöku, kaupa og selja eða flytja inn eiturefni. Athygli er vakin á því, að einstaklingum er því einungis heimilt að kaupa eiturefni, að þeir séu 18 ára eða eldri og framvísi sérstökum eiturbeiðnum eða öðrum leyfum. Svipuð fyrirmæli hafa gilt hér á landi síðan 1913 (sbr. auglýsingu landlæknis 19. nóvember 1913).

Stefnt er að því með ákvæðum þessum, að sala eiturefna yfirleitt fari einkum fram í Lyfjaverzlun ríkisins, öðrum lyfjagerðum og lyfjabúðum. Þá er að því stefnt, að sala og innflutningur eiturefna til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra fari fyrst og fremst fram í verzlunum, er til þess hafa sérstakt leyfi (sbr. einnig fylgiskjal 2).

Hér skal á það bent, að ekki mun verða unnt að framfylgja ákvæðum þessum sem skyldi, nema breytingar verði gerðar á tollalögum. Í þessu sambandi er og rétt að benda á, að brýn nauðsyn ber til þess að breyta tollalögum með tilliti til framkvæmdar lyfsölulaga (sbr. lyfsölulög) á þann veg, að öll tollafgreiðsla lyfja fari fram í Reykjavík. Yfirumsjón með tollafgreiðslu lyfja ætti að hafa með höndum lyfjafræðingur sá, er annast sérlyfjaeftirlit fyrir hönd heilbrigðisstjórnarinnar. Eðlilegast væri, að sami maður hefði einnig yfirumsjón með tollafgreiðslu eiturefna, enda yrði tollafgreiðsla þeirra einnig einskorðuð við Reykjavík.

Um 6. gr.

Svo er til ætlazt, að lögreglustjórar gefi út eiturbeiðnir líkt og tíðkæzt hefur undanfarin 55 ár (sbr. 5. lið í auglýsingu landlæknis frá 1913). Réttmætt þykir hins vegar að greina á milli kaupa á sterkum eiturefnum (listi I) og á eiturefnum (listi II). Þannig er lagt til, að láta megi úti þrisvar sinnum gegn sömu eiturbeiðni, ef um er að ræða efni á lista II, en einungis einu sinni, ef um er að ræða efni, sem talin eru á lista I. Eiturbeiðnir þessar gilda lengst í eitt ár. Enn fremur er lagt til iðnaðarmönnum til hægðarauka, er nota að staðaldri tiltekin eiturefni við störf sín, að þeir geti aflað efna þessara eftir þörfum gegn framvísun sérstakra leyfa, er gilda í 1—3 ár í senn. Um þetta og önnur atriði þessarar greinar er reyndar lagt til, að sett verði nánari fyrirmæli í reglugerð (sbr. fylgiskjal 1). Þá er lagt til, að sett verði í reglugerð sérstök fyrirmæli varðandi kaup á eiturefnum (efni í hættuflokkum X og A) til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (sbr. 14. gr. og fylgiskjal 2).

Um fylgiskjal 1 skal þetta sérstaklega tekið fram:

Í reglugerðardrögum þessum eru ýtarleg ákvæði um útgáfu eiturbeiðna og leyfa. Í viðauka 1 við reglugerðardrögin er tillaga um gerð eiturbeiðna og í viðauka 2 er tillaga um gerð leyfa, er gilda til 1—3 ára í senn, til kaupa á tilteknum eiturefnum. Ákvæði varðandi útgáfu leyfa þessara eru mjög svipuð þeim ákvæðum, er varða útgáfu leyfa til þess að kaupa og nota eiturefni í hættuflokkum X og A og greind eru í drögum að reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (sbr. fylgiskjal 2). Í reglugerðardrögum í fylgiskjali 1 er því stuttlega vikið að útgáfu leyfa til kaupa á eiturefnum í hættuflokkum X og A, og tillaga um gerð þeirra er þannig í viðauka 3 við reglugerðardrögin, enda þótt um þetta sé að öðru leyti ýtarlega fjallað í reglugerðardrögum í fylgiskjali 2. Er það gert til hægðarauka þannig, að fyrirmæli um gerð og sýnishorn fyrirskipaðra eyðublaða og skirteina (til útgáfu eiturbeiðna og leyfa) megi finna á sama stað.

Þess skal sérstaklega getið, að svo er til ætlazt, að eiturbeiðnir gildi ekki til kaupa á eiturefnum í hættuflokkum X og A. Lagt er til, að kaup eiturefna í hættuflokkum X og A séu eingöngu bundin við fyrrgreind leyfi. Þó er lagt til, að lögreglustjóri geti, ef sérstaklega stendur á, veitt leyfi til kaupa á takmörkuðu magni efna í hættuflokki A (sbr. 10. gr. reglugerðardröga í fylgiskjali 1 og 4. gr. reglugerðar-

draga í fylgiskjali 2). Leyfi þessi skal ekki rita á sérstök eyðublöð, enda ber að takmarka útgáfu þeirra, svo sem auðið er.

Um 7. gr.

Hér ræðir fyrst almennar varúðarreglur varðandi sölu og afhendingu eiturefna. Að öðru leyti skýrir þessi grein nánar þau ákvæði, sem greind eru í 5. gr. Þá er lagt til, að selja megi á frjálsum markaði varning, er inniheldur tiltekin eiturefni, ef gætt er sérstakra fyrirmæla þar að lútandi, enda verði slíkar undanþágur frá 5. gr. laganna auglýstar sérstaklega. Er lagt til, að fyrirmæli þessi verði sett í reglugerð (sbr. 16. gr. og fylgiskjal 3).

Um 8. gr.

Grein þessi fjallar um ákvæði varðandi ílát og umbúðir. Áherzla er lögð á, að á ílátum og yztu umbúðum skuli vera íslensk eiturmerki. Þá er stefnt að því, að eiturmerki þessi komi ekki fyrir á ílátum og umbúðum um önnur efni en þau, sem talin eru á listum I og II, nema brýna nauðsyn beri til. Lagt er til, að um eiturmerki og varnaðarorð eða varnaðarmerki, gerð íláta o. fl. að þessu lútandi, verði sett nánari fyrirmæli í reglugerð (sbr. 17. gr.).

Um 9. gr.

Í þessari grein er fjallað um varðveizlu eiturefna. Fyrirtæki og einstaklingar skulu um þetta hlíta fyrirmælum laga um öryggisráðstafanir á vinnustöðum og laga um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum svo fremi, að nefnd lög taki til þeirra. Um varðveizlu eiturefna í lyfjabúðum, lyfjagerðum og lyfjaheildverzlunum skal hlíta ákvæðum lyfsölulaga. Ætlazt er til, að sérstök ákvæði gildi um varðveizlu eiturefna til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (sbr. 14. gr. og fylgiskjal 2). Loks eru almenn fyrirmæli varðandi varðveizlu eiturefna.

Um 10.—12. gr.

10. og 11. grein fjalla um sölu, afhendingu, merkingu og varðveizlu hættulegra efna. Ætlazt er til, að sett verði í reglugerð nánari fyrirmæli að þessu lútandi (sbr. 17. gr.).

Athygli er vakin á því, að engar sérstakar hömlur eru lagðar á sölu eða kaup á hættulegum efnunum.

Í 12. grein er vikið að þeim hættulegum lofttegundum, sem taldar eru á lista V. Er vikið að þeim sérstaklega til hagræðis, ef þörf gerðist að setja um þetta atriði nánari ákvæði í reglugerð.

Um 13. gr.

Auk almennra ábendinga um notkun eiturefna og hættulegra efna er hér fjallað um mjög viðtæka heimild til þess að varna mengun andrúmslofts, jarðvegs og vatna, að meðtöldum vatnsbólum og grunnvatni, af völdum eiturefna og hættulegra efna, er fram kunna að koma við iðnrekstur eða á annan hátt. Með auknu þéttbýli og sívaxandi iðnrekstri og öðrum atvinnurekstri þar, sem notuð eru eiturefni eða hættuleg efni, hlýtur stórlega að aukast hætta á mengun þess umhverfis, er menn lifa og hrærast í. Á Íslandi er ekki sízt ástæða til þess að gjalda varhuga við mengun grunnvatns á mestu þéttbýlissvæðunum, sem mörg eru á eða í nánd við hraun. Því er hér sérstaklega vikið að hugtakinu grunnvatni.

Um 14. gr.

Svo sem áður segir, þykir svo sérstökum ástæðum gegna um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra, að lagt er til, að um þau atriði verði sett sérstök og viðtæk reglugerðarákvæði (sbr. 2. gr. að framan). Drög að reglugerð þessa efnis fylgja hér sem fylgiskjal (fylgiskjal 2).

Í reglugerðardrögum þessum er skilgreining á ferns konar efnum, plöntulyfjum, örgresisefnum, stýriefnum og útrýmingarefnum, sem notuð eru í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar ýmiss konar meindýra. Mörg þessara efna eru mjög eitruð. Önnur eru mjög stöðug og óforgengileg í jarðvegi og geta því með tíð og tíma um plöntur og dýr safnast í meira eða minna magni í líkama manna og húsdýra. Líkur benda enn fremur til þess, að sum þessara efna geti haft skaðlega verkun á menn og dýr, þegar til lengdar lætur (síðkomin eiturhrif). Full ástæða virðist þannig vera til þess að fylgjast vel með innflutningi, sölu, dreifingu og notkun þessara efna, hvort sem þau eru eitruð eða hættuleg í bráð eða lengd. Því hefur sú leið verið farin að telja öll fyrrgreind efni til eiturefna eða hættulegra efna og leyfa eingöngu innflutning, sölu og notkun þeirra efna og efnasamsetninga, er viðurkenningu hafa hlotið og skráð eru á sérstökum listum yfir slík efni (sbr. 3. gr. reglugerðardraganna). Síðan er ætlað til, að viðurkenndum efnum og efnasamsetningum verði skipað í 4 hættuflokka, er kallast X, A, B og C (sbr. 4. gr. í drögum að reglugerð), og með þau verði farið svo sem frekar er greint frá í reglugerðardrögum. — Um útgáfu leyfa til kaupa á efnum í hættuflokkum X og A er rætt að framan (sbr. 6. gr.).

Um 15. gr.

Hér er fjallað um mengun matvæla og fóðurvara af eiturefnum og hættulegum efnum, svo og blöndun þessara efna í matvæli og fóðurvörur.

Í 1. málsgrein kemur fyrir nýyrðið *aukefni*. Með aukefnum er átt við efni, sem ekki hafa næringargildi og ekki eru talin á listum I—V, en aukið er í (bætt í, blandað í) önnur efni (efnablöndur, lausnir, vökva o. s. frv.) í því skyni að breyta útliti (litarefni), bragði (bragðefni), auka geymsluþol (rotvarnarefni) eða breyta eðliseigindum á annan hátt. Ef slíkum efnum er aukið í fæðu eða fóðurvörur, kallast þau *aukefni í fæðu* („food additives“, „födetilsætningsmidler“).

Notkun ýmissa aukefna, sem í raun eru venjulega svo hættulítill, að þau eiga að réttu lagi ekki heima á listum (sbr. 1. gr. frumvarpsins), fer nú mjög í vöxt. Sum þessara efna geta þó ef til vill, ef þeirra er neytt í fæðu að staðaldri og til lengdar, borizt í líkama manna og dýra í slíku magni, að þau verði að tjóni. Því þykir réttmætt að kveðja eiturefnaneftnd til ráðuneytis um hvers konar íblöndun aukefna í matvæli og fóðurvörur, sem ætlaðar eru til sölu almenningi.

Þá er sérstök ástæða til þess að vekja athygli á 2. málsgrein þessarar greinar frumvarpsins. Heimilt er þannig samkvæmt 2. málsg. að takmarka við ákveðið hámark hið mesta magn tiltekinna eiturefna og hættulegra efna, er fyrir kunna að koma í matvælum og fóðurvörum sökum mengunar. Heimild þessi er í eðli sínu mjög víðtæk og getur orðið að ómetanlegu gagni, ef hún hlýtur gildi að lögum.

Um 16. gr.

Grein þessa má skoða sem eins konar „lykilgrein“ þannig, að setja megi í reglugerð nánari ákvæði um notkun og bann við notkun eiturefna og hættulegra efna, svo sem þurfa þykir. Ekki á þetta sízt við fyrirmæli um notkun tiltekinna eiturefna eða varnings, sem hefur slík efni að geyma og undanþegin eru að nokkru eða öllu leyti ákvæðum lagafrumvarpsins (sbr. 21. gr.), t. d. að því er varðar sölu (sbr. 7. gr.). Drög að reglugerð þessa efnis fylgja hér sem fylgiskjal (fylgiskjal 3).

Bent skal á, að samkvæmt reglugerðardrögum þessum er heimilt að selja á frjálsum markaði hexicið (lindan) til böðunar sauðfjár og benzin, er inniheldur tetraetýlbly, án takmarkana á magni, ef gætt er sérstakra fyrirmæla að þessu lútandi. Þá eru í reglugerðardrögum þessum allýtarleg ákvæði um notkun arsens, antímóns, blýs og kvikasilfurs í málningu og til að nota gegn fúa í vefnaði og trjávöru. Í drögnum er og skilgreining á hugtakinu fegrunar- og snyrtiefni og kveðið á um, að slíkur varningur megi ekki innihalda leysiefni, sem talin eru á lista IV A (sbr.

1. gr. hér að framan). Raunar er miklu fyllri ákvæða þörf varðandi fegrunar- og snyrtiefni, en setning slíkra ákvæða liggur utan þess ramma, er lög um eiturefni og hættuleg efni kunna að setja. Loks eru í drögunum ákvæði, sem ætlað er að koma í veg fyrir óæskileg áhrif klóróforms á hörn, er neyta kunna í óhófi sælgætis, er inniheldur það efni.

Um 17. gr.

Í grein þessari ræðir reglugerðarheimild til þess að kveða nánar á um gerð íláta og umbúðir og annað varðandi útlát, sölu og varðveislu eiturefna og hættulegra efna. Drög liggja ekki fyrir að þessari reglugerð.

Um 18. gr.

Hér ræðir ákvæði um flutning eiturefna og hættulegra efna. Þá er fjallað um heimild til setningar reglugerðar að þessu efni lútandi, ef þörf gerist.

Um 19. gr.

Í þessari grein er fyrst fjallað um almenn ákvæði varðandi förgun eiturefna og hættulegra efna og íláta undan þeim. Samkvæmt 2. málsgrein er svo til ætlað, að ekki megi farga meiri háttar birgðum af eiturefnum og hættulegum efnum nema til komi samþykki viðkomandi embættislæknis eða eftirlitsmanns. Verður slíkt að teljast sjálfsögð varúðarráðstöfun. Þó er lagt til, að farga megi að embættislækni forspurðum takmörkuðu magni nánar tiltekinna efna, enda skal þá farið eftir sérstökum fyrir-mælum þar að lútandi. Er þetta gert til þess að torvelða ekki um of störf fagmanna, er ætla verður, að fullt skyn beri á meðferð þeirra efna, er þeir nota að jafnaði.

Um 20. gr.

Hér ræðir um framkvæmd og eftirlit. Ætlað er til, svo sem að framan greinir (sbr. 2. gr. að framan), að eiturefnanevnd geti í umsjá landlæknis og undir yfirstjórn ráðherra þess, er fer með heilbrigðismál, haft forgöngu um framkvæmd laga þessara, ef þau verða sett. Eftirlit með ákvæðum laga þessara mun að nokkru verða að hvíla á öryggismálastjóra, en að öðru leyti á eftirlitsmönnum samkvæmt lyfsölulögum, og á sérstökum eftirlitsmönnum, er tilnefndir kunna að verða. Ætlað er til, að eiturefnanevnd geri í heild tillögur um tilhögun eftirlitsins.

Eftirlit mun, ef að líkum lætur, alloft verða fólgið í því, að æskt verður drengskaparyfirlýsinga af hálfu framleiðenda eða innflytjenda þess efnis, að tiltekinn varningur innihaldi ekki eiturefni eða hættuleg efni eða hafi að öðrum kosti ekki slík efni að geyma í magni, er fer fram úr ákveðnu og nánar tilgreindu hámarki. Því er sérstaklega vikið að þessu atriði, þá rétt er um eftirlit.

Um 21. gr.

Af hagkvæmnisástæðum verður að teljast nauðsynlegt þegar í upphafi að veita nokkrar undanþágur frá ákvæðum lagafrumvarps þessa, enda skal veita undanþágur einungis svo fremi, að fullnægt sé skilyrðum að þessu lútandi, er sett kunna að verða hverju sinni í reglugerð samkvæmt ákvæðum 16. gr. lagafrumvarpsins (sbr. 16. gr. að framan) eða greind eru í reglugerðum, sem settar eru samkvæmt heimild í öðrum lögum. Lagt er til, að auglýsa skuli allar undanþágur frá ákvæðum laganna. Í fylgiskjali 4 eru drög að slíkri auglýsingu.

Þá er hugsanlegt, að í vissum ófyrirsjáanlegum tilvikum kunni að reynast mjög örðugt að framfylgja ákvæðum lagafrumvarps þessa eða sérstakar ástæður mæli með, að frá þeim verði vikið.

Um 22. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 23. gr.

Nauðsynlegt er að hafa refsíákvæði allströng við brotum á lögum þessum. Þó er ekki gert ráð fyrir, að beitt verði varðhaldi eða fangelsi nema brot sé annaðhvort ítrekað eða stórfellt, en önnur brot varði sektum. Brot á ákvæðum frv. mundu í flestum tilvikum varða atvinnustarfsemi og því er nauðsynlegt að hafa ákvæði um upptöku þess, sem ólöglega er innflutt eða framleitt er eða selt, svo og hins ólöglega ávinnings, en slík ákvæði eru í 2. málsgr. Sektir þurfa einnig að vera svo háar, að ekki komi til álita, hvort hagkvæmara sé að hlýða lögnum eða brjóta þau og greiða sektir. Samkvæmt frumvarpinu er það eftirlátið dómstólunum að ákveða sektarupphæðir, enda hefur reynslan sýnt, að krönuupphæðir úreldast fljótt.

Um 24. gr.

Enda þótt ýmsar greinar frv. geymi heimildir til setningar reglugerða, þykir rétt að hafa að lokum almenna heimild til setningar reglugerða til nánari útfærslu á ákvæðum laganna.

Viðauki I: Eiturefni.

LISTI I

(Sterk eiturefni; sterkt eitur).

AMITON (O,O - díetýl - S - (2 - díetýlamínóetýl) - tíófosfat)
ARSEN og *ólifræn arsensambönd*, önnur en blý-, kalcíum- og zinkarsenöt
AZINPHOS-ETHYL (O,O - díetýl - S - (3, 4 - díhýdró - 4 - oxóbenzó - [d] -
[1, 2, 3] - triazín - 3 - ýl) - metýl - dítíófosfat)
AZINPHOS-METHYL (O,O - dímetýl - S - (3, 4 - díhýdró - 4 - oxóbenzó - [d] -
[1, 2, 3] - triazín - 3 - ýl) - metýl - dítíófosfat)
BLÁSYRA (CÝANVETNI) og þau *sölt sýrunnar*, er í vatnslausn klofna í
cýaníðjóna
CARBOPHENOTHION (O,O - díetýl - S - [4 - klórfenýltíó] - metýl) - dítíófosfat
CHLORPICRIN (TRÍKLÓRNÍTRÓMETAN, KLÓRPÍKRÍN)
CRIMIDIN (2 - klór - 4 - dímetýlamínó - 6 - metýlpýrimídín)
DEMETON - O (O,O - díetýl - O - [2 - (etýltíó) - etýl] - tíófosfat)
DEMETON-O-METHYL (O,O - dímetýl - O - [2 - (etýltíó) - etýl] - tíófosfat)
DEMETON-S (O,O - díetýl - S - [2 - (etýltíó) - etýl] - tíófosfat)
DEMETON-S-METHYL (O,O - dímetýl - S - [2 - (etýltíó) - etýl] - tíófosfat)
1 - dímetýlkarbamóýl - 3 - metýl - pýrazólýl - (5) - dímetýlkarbamat
DÍMETÝLSÚLFAT
DÍNÍTRÓFENÓL (2, 4 - dínítrófenól)
DINOSEB (2 - (1 - metýl - *n* - própýl) - 4, 6 - dínítrófenól)
DIOXATHION (dí - (O,O - díetýl) - 2,3 - S,S - díoxan - (1,4) - dítíófosfat)
DISULFOTON (O,O - díetýl - S - [2 - (etýltíó) - etýl] - dítíófosfat)
DNOC (2 - metýl - 4, 6 - dínítrófenól)
ENDOSULFAN (6, 7, 8, 9, 10, 10 - hexaklór - 1, 5, 5a, 6, 9, 9a - hexahýdró - 6,
9 - metanó - 2, 4, 3 - benzó - [e] - díoxatíepín - 3 - oxíð)
ENDRIN (1, 2, 3, 4, 10, 10 - hexaklór - 6, 7 - epoxí - 1, 4, 4a, 5, 6, 7, 8, 8a -
oktahýdró - exó - 1, 4 - exó - 5, 8 - dímetanónaftalen)
EPN (O - etýl - O - 4 - nítrofenýl - benzotíófosfat)
FENTHION (O,O - dímetýl - O - (3 - metýl - 4 - metýltíófenýl) - tíófosfat)
FOSFÍN (alkýlsambönd fosfórvetnis)
FOSFÓR, *gulur*
FOSFÓRVETNI

FOSGEN (PHOSGEN, KARBÓNÝLKLÓRÍÐ)
 ISOLAN (1 - ísóprópýl - 3 - metýl - pýrazólýl - (5) - dímetýlkarbamát)
 KALCÍUMFOSFÍÐ
 KLÓRPÍKRÍN (TRÍKLÓRNÍTRÓMETAN, CHLORPICRIN)
 KVIKASILFURSSAMBÖND, *ólifræn*, að undanskildu merkúróklóriði (kaló-
 mel), merkúríoxíði og merkúrisúlfíði (zinnóber), svo og merkúrisúlfati og
 merkúríklóriði í þurrtaflöðum og natrium- og kalíumamalgötum til tann-
 fyllinga
 METÝLBRÓMÍÐ (MÓNÓBRÓMMETAN)
 MEVINPHOS (O,O - dímetýl - O - (2 - metoxíkarbónýl - 1 - metýlvínýl) - fosfat
 MÓNÓFLÚOREDIKSSÝRA og *sölt sjrunnar*
 NIKÓTÍN og *nikótínsölt*. Undanskildar eru duftblöndur, sem innihalda 1%
 (w/w) nikótín eða minna, sbr. lista II
 OXYDEMETON-METHYL (O,O - dímetýl - S - [2 - (etýlsúlfínýl) - etýl] - tíófosfat
 PARATHION (O,O - díetýl - O - 4 - nitrófenýltíófosfat)
 PARATHION-METHYL (O,O - dímetýl - O - 4 - nitrófenýltíófosfat)
 PHORAT (O,O - díetýl - S - (etýltíómetýl) - dítíófosfat)
 PHOSGEN (FOSGEN, KARBÓNÝLKLÓRÍÐ)
 PHOSPHAMIDON (O,O - dímetýl - O - (1 - metýl - 2 - klór - 2 - díetýlkarbamóýl) -
 vínýlfosfat)
 SCHRADAN (oktametýlpýrófosfórsýrutetramíð)
 SELENSAMBÖND, *ólifræn*
 STRYKNÍN og *stryknínsölt*
 SULFOTEP (bis - O,O - díetýltíófosfórsýruanhýdríð)
 TALLÍUMSAMBÖND, *ólifræn*
 TEPP (tetraetýlpýrófosfat)
 TETRAETÝLBLÝ
 THIOMETON (O,O - dímetýl - S - [2 - (etýltíó) - etýl] - dítíófosfat)
 ZINKFOSFÍÐ

Öll önnur efni, sem í lyfjabúðum skal varðveita í eiturskápum samkvæmt
 ákvæðum gildandi lyfjaskrár. Ákvæði þetta tekur þó ekki til fíknilyfja (nautna-
 lyfja, euforetica), sbr. 6. gr. í reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 30
 16. maí 1966.

LISTI II

(Eiturefni; eitur).

ACETÝLENTETRAKLÓRÍÐ (TETRAKLÓRETAN; 1, 1, 2, 2 - tetraklóretan)
 ALDRIN (1, 2, 3, 4, 10, 10 - hexaklór - 1, 4, 4a, 5, 8, 8a - hexahýdró - exó - 1,
 4 - endó - 5, 8 - dímetanónaftalen)
 ALLÝLALKÓHÓL (PRÓPENÓL; 2 - própén - 1 - ól)
 ALLÝLKLÓRÍÐ (KLÓRPRÓPEN; 3 - klórprópen)
 ANTÍMONKALÍUMTARTRAT
 ANTÍMONSAMBÖND, *ólifræn*, önnur en antímonsúlfíð og litarefni
 ANTU (*alfa*-naftýltíópvagefni; *alfa*-naftýltíókarbamíð)
 AZÓBENZEN
 BARÍUMSÖLT, önnur en baríumsúlfat
 BLÝARSENAT
 BRÓM
beta-bútoxi-*beta*-tíócýanó-díetýleter
 CHLORDAN (1, 2, 4, 5, 6, 7, 10, 10 - oktaklór - 4, 7, 8, 9 - tetrahýdró - 4,
 7 - metýlenindan)

COUMAFURYL (3 - [(*beta* - acetýl - *alfa* - fúrfúrýl) - etýl] - 4 - hýdroxíkúmarín)

CYCLOHEXIMID (*beta* - [2 - (3, 5 - dímetýl - 2 - oxócyklóhexýl) - 2 - hýdroxí - etýl] - glútarímíð)

DDT (KLÓRFENÓTAN; PENTICÍÐ; 1, 1, 1 - triklór - 2, 2 - dí - (4 - klórfenýl) - etan) *i blöndum og samsetningum, sem innihalda meira en 10% (w/w eða w/v) DDT, sbr. lista III*

DIAZINON (O,O - díetýl - O - [2 - isóprópýl - 6 - metýl - 4 - pýrímídínýl] - tíófosfat)

DÍBRÓMETAN (1, 2 - díbrómetan), ef látið er úti *meira magn en 100 ml, sbr. lista IV A*

DICHLORVOS (O,O - dímetýl - 2, 2 - díklórvínýlfosfat)

DICUMAROL (3,3' - metýlen - bis (4 - hýdroxí - 1, 2 - benzópýrón))

DIELDRIN (1, 2, 3, 4, 10, 10 - hexaklór - 6, 7 - epoxí - 1, 4, 4a, 5, 6, 7, 8, 8a - oktahýdró - exó - 1, 4 - endó - 5, 8 - dímetanónaftalen)

DÍETÝLSÚLFAT

DÍKLÓREDIKSSÝRA og sölt *sýrunnar i lausnum eða blöndum, ef styrkleiki er meiri en 50% (w/v), sbr. lista III*

DÍKLÓRETAN (1, 2 - díklóretan), ef látið er úti *meira magn en 100 ml, sbr. lista IV A*

DIMETHOAT (O,O - dímetýl - S - (N - metýlkarbamóýlmetýl) - dítíófosfat)

DÍMETÝLHÝDRAZÍN

DÍNÍTRÓBENZEN (*meta*- og *para*-dínítróbenzen)

ENDOTHAL-Na (dínatrím - 7 - oxabicykló - [2, 2, 1] - heptan - 2, 3 - díkarboxýlat)

ETOXÍMERKÚRÍSILÍKAT

ETÝLMERKÚRÍBRÓMÍÐ

ETÝLMERKÚRÍKLÓRÍÐ

ETÝLMERKÚRÍTÍÓÚRÓNÍUMKLÓRÍÐ

FENÝLMERKÚRÍACETAT

FENÝLMERKÚRÍHÝDROXÍÐ

FENÝLMERKÚRÍHÝDROXÍKÍNÓLÍN

FENÝLMERKÚRÍKLÓRÍÐ

FENÝLMERKÚRÍNAFTENAT

FENÝLMERKÚRÍNÍTRAT

FENÝLMERKÚRÍPÝRÓKATEKÍN

1 - fenýl - 3 - metýl - pýrazólýl - (5) - dímetýlkarbamát

FLÚSSÝRA (FLÚORVETNI) og *alkali*- og *ammóníumsölt sýrunnar gamma* - benzenhexaklórið, sjá HEXICÍÐ

HEPTACHLOR (1, 4, 5, 6, 7, 10, 10 - heptaklór - 4, 7, 8, 9 - tetrahýdró - 4, 7 - metýleninden)

HEXICÍÐ (LINDAN; *gamma*-benzenhexaklórið; *gamma*-1, 2, 3, 4, 5, 6-hexaklórcýklóhexan) *i blöndum og samsetningum, sem innihalda meira en 2% (w/w eða w/v) hexicíð, sbr. lista III*

HÝDRAZÍN

HÝDROXÝLAMÍN og *hýdroxýlamínsölt*

KADMÍUMSAMBÖND, *ólífræn, önnur en kadmíumsúlfíð*

KALCÍUMARSENAT

KALÍUMKRÓMAT og KALÍUMDÍKRÓMAT

KALÍUMNÍTRÍT

KALÓMEL (MERKÚRÓKLÓRÍÐ)

KLÓRKAMFENAR (klóraðir kamfenar; brúttóformúla: C₁₀H₁₀Cl₈)

KLÓRFENÓTAN, sjá DDT

KLÓRNÍTRÓBENZEN (*para*-klórnítróbenzen)

KLÓRNÍTRÓTÓLÚEN (*para*-klórnítrótólúen)

KLÓRÓFORM (TRÍKLÓRMETAN), ef látið er úti *meira magn en 100 ml*, sbr. lista IV A
 KLÓRPRÓPEN (ALLÝLKLÓRÍÐ; 3-klórprópen)
 KRÓMTRÍOXÍÐ, KRÓMSÝRA og sölt *sýrunnar*
 LINDAN, sjá HEXICÍÐ
 MALATHION (O,O - dímetýl - S - (1, 2 - díkarbetoxyetýl) - dítíófosfat)
 MERKÚRÍOXÍÐ
 MERKÚRÓKLÓRÍÐ (KALÓMEL)
meta-dínítróbenzen (DÍNÍTRÓBENZEN)
 METAM-Na (natríum - N - metýldítíókarbamát)
 METOXÍETÝLMERKÚRÍKLÓRÍÐ
 METOXÍETÝLMERKÚRÍSILÍKAT
 METOXÍMETÝLMERKÚRÍACETAT
 METHYLCHLOROTHION (O,O - dímetýl - O - (3 - klór - 4 - nítrófenýl) - tíófosfat)
 METÝLHÝDRAZÍN
 METÝLMERKÚRÍDÍCYANDÍAMÍÐ [N - cýanó - N' - (metýlmerkúrígvanídín)]
 METÝLMERKÚRÍHÝDROXÍÐ
 MÓNÓBRÓMEDIKSSÝRA og sölt *sýrunnar og estrar*
 MÓNÓKLÓREDIKSSÝRA og sölt *sýrunnar*
 NATRÍUMNÍTRÍT
 NIKÓTÍN í *duftblöndum*, sem innihalda 1% (w/w) níkótín *eða minna*, eða mest 10% af tóbaksdufti, sbr. lista I
 NÍTRÓBENZEN (NITRÓBENZÓL)
para-dínítróbenzen (DÍNÍTRÓBENZEN)
para-klórínítróbenzen (KLÓRNÍTRÓBENZEN)
para-klórínítrótólúen (KLÓRNÍTRÓTÓLÚEN)
 PENTICÍÐ, sjá DDT
 PERKLÓRETÝLEN, sjá TETRAKLÓRETÝLEN
 PHENCAPTON (O,O - díetýl - S - (2, 5 - díklórphenýltíómetýl) - dítíófosfat)
 PINDON (2 - pívalóýlindan - 1, 3 - díón)
 PRÓPENÓL (ALLÝLALKÓHÓL.; 2 - própen - 1 - ól)
 RONNEL (O,O - dímetýl - O - (2, 4, 5 - tríklórphenýl) - tíófosfat)
 SCILLA-GLÝKÓSÍÐ
 STROBAN (blanda af heptaklórkamfen, heptaklórþinen og öðrum klór-terpenum; inniheldur 66% klór; brúttóformúla C₁₀H₁₁Cl₇)
 TELLÚRSAMBÖND, *ólífræn*
 TETRAKLÓRETAN (ACETÝLENTETRAKLÓRÍÐ; 1, 1, 2, 2 - tetraklóretan)
 TETRAKLÓRETÝLEN (PERKLÓRETÝLEN; 1, 1, 2, 2 - tetraklóretýlen), ef látið er úti *meira magn en 200 ml*, sbr. lista IV A
 TETRAKLÓRMETAN (TETRAKLÓRKOLEFNI)
 TRICHLOROFON (O,O - dímetýl - 2, 2, 2 - tríklór - 1 - hýdroxyetýlfosfónat)
 TRÍKLÓREDIKSSÝRA og sölt *sýrunnar í lausnum eða blöndum*, ef styrkleiki er *meira en 50%* (w/v), sbr. lista III
 TRÍKLÓRETÝLEN (1, 1, 2 - tríklóretýlen), ef látið er úti *meira magn en 100 ml*, sbr. lista IV A
 WARFARIN (3 - [(*beta*-acetýl-*alfa*-fenýl) - etýl] - 4 - hýdroxíkúmarín)
 ZINKARSENAT

Öll önnur efni, sem í lyfjabúðum skal merkja eiturmerki (einum krossi) samkvæmt ákvæðum gildandi lyfjaskrár og lätin eru úti gegn lyfseðlum. Ákvæði þetta tekur þó ekki til fíknilyfja (nautnalyfja; euforetica), sbr. 6. gr. í reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 30 16. maí 1966.

Viðauki II: Hættuleg efni.

LISTI III
(Hættuleg efni).

- ACETALDEHÝÐ
alfa-naftól (NAFTÓL)
alfa-naftýlamín (NAFTÝLAMÍN)
ALKÝLNÍTRÓSAMÍN, hvers konar
AMMÓNÍAKVATN (SALMÍAKSPÍRITUS), sem að styrkleika er meira en 3%
(w/w eða w/v)
ANILÍN — Ef anilín eða anilínsölt eru í merkibleki, skal letra á ílát eftirfarandi: *Má ekki nota til þess að merkja bleijur eða önnur klæði ungbarna*
BENZÍN, nema benzín, sem notað er á benzínhreyfla til eldsneytis
beta-naftól (NAFTÓL)
beta-naftýlamín (NAFTÝLAMÍN)
BLEIKIVATN (HÝPÓKLÓRÍTTLAUSNIR), ef látið er úti meira magn en 30 ml
BLÝSAMBÖND, önnur en blýarsenat (sbr. lista II) og tetraetýlbly (sbr. lista I).
— Ef uppleyst litarefni, málning eða aðrar lausnir, sem fullbúnar eru til notkunar, innihalda meira magn af blyi en nemur 50% (w/w) þurrefnis, skal letra á ílát eftirfarandi: *Varúð. Hætta á blýeitrun.*
BÓRSÝRA, óblönduð, i duftblöndum og lausnum, ef styrkleiki fer fram úr 5%
(w/w eða w/v)
BRENNISTEINSKLÓRÍÐ (KLÓRBRENNISTEINN)
BRENNISTEINSSÝRA, ef styrkleiki fer fram úr 5% (w/v)
DDT (KLÓRFENÓTAN; PENTICÍÐ; 1, 1, 1-tríklór-2, 2-dí-(4-tríklórfenýl)-etan) i blöndum og samsetningum, sem innihalda 10% (w/w eða w/v) DDT eða minna, sbr. lista II
DÍKLÓRAMÍN-T (N-díklór-4-tólúensúlfónamið)
DÍKLÓRBENZEN (para-díklórbenzen)
DÍKLÓREDIKSSÝRA og sölt sýrunnar i lausnum eða blöndum, ef styrkleiki er 50% (w/v) eða minni, sbr. lista II
DÍMETÝLAMÍNÓAZÓBENZEN
DÍMETÝLNÍTRÓSAMÍN (sbr. alkýlnítrósamín)
EDIKSSÝRA, ef styrkleiki fer fram úr 15% (w/v). — Á ílát skal letra eftirfarandi: *Hættulegt að neyta óþynnt.*
FENÓL (PHENOL; KARBÓLSÝRA)
FENÝLENDÍAMÍN (para-fenýlendíamín)
FENÝLHÝDRAZÍN
FLÚSKÍSILSÝRA (hýdrógensilícíumflúoríð) og sölt sýrunnar
FORMALÍN (formaldehýð i vatnslausn), ef styrkleiki fer fram úr 4% (w/w)
FOSFÓRSÝRA (ortó-fosfórsýra) i blöndum og samsetningum, ef styrkleiki fer fram úr 5% (w/w eða w/v)
gamma-benzenhexaklóríð, sjá HEXICÍÐ
HEXAKLÓRETAN
HEXICÍÐ (LINDAN; gamma-benzenhexaklóríð; gamma-1, 2, 3, 4, 5, 6-hexaklóreyklóhexan) i blöndum og samsetningum, sem innihalda 2% hexicíð (w/w eða w/v) eða minna, sbr. lista II
HÝDRÓGENPEROXÍÐ, sjá SÚRVATN
JÓÐ
KALÍUM
KALÍUMHÝDROXÍÐ (ÆTIKALÍUM)
KALÍUMKLÓRAT. — Á ílát skal letra eftirfarandi: *Mjög sprengifimt i snertingu við eldnæm efni.*

KALÍUMLÚTUR (KOH í vatnslausn), ef styrkleiki *fer fram úr 3%* (w/v)
 KALÍUMNÍTRAT
 KALÍUMPERMANGANAT *i lausnum*, ef styrkleiki *fer fram úr 3%* (w/v)
 KARBÓLSÝRA (FENÓL)
 KLÓRAMÍN B (N-klór-benzensúlfónamíðnatríum)
 KLÓRAMÍN T (CHLORAMINUM; N-klór-*para*-tólúensúlfónamíðnatríum)
 Ef KLÓRAMÍN T er látið úti í töfluformi, skulu töflurnar vera sex-
 stendrar lausnartöflur (solublettae) og innihalda 1 g. — Á umbúðir skal
 letra: *Klóramínlausnartöflur*.
 KLÓRAMÍNLAUSNIR (klóramín B og T), ef styrkleiki *fer fram úr 1%*
 w/v)
 KLÓRBRENNISTEINN (BRENNISTEINSKLÓRÍÐ)
 KLÓRFENÓTAN, sjá DDT
 KLÓRSÚLFÓNÝRA
 KRESÓLAR (CRESOL), m. a. klórkresól og trikresól
 KRESÓLAR *i sápuvatni* (SÁPUKRESÓLAR), ef styrkleiki *fer fram úr 1%*
 (w/v)
 KVARTER AMMÓNÍUM-, PÝRÍDÍNÍUM-, og ÍMÍDAZÓLÍNÍUMSÖLT *i lausn-*
um, ef styrkleiki *fer fram úr 10%* (w/v)
 LITÍUM
 LINDAN, sjá HEXICÍÐ
 MAURASÝRA
 METALDEHÝÐ((C₂H₄O)_n, t. d. „þurrspritt“)
 METHOXYCHLOR (1, 1, 1-tríklór-2, 2-dí-(4-metoxifenýl)-etan)
 NAFTALEN (NAFTALÍN)
 NAFTÓL (*alfa-* og *beta-*)
 NAFTÝLAMÍN (*alfa-* og *beta-*)
 NATRÍUM
 NATRÍUMHÝDROXÍÐ (VÍTISÓTI; ÆTINATRÍUM)
 NATRÍUMKLÓRAT. — Á ilát skal letra eftirfarandi: *Mjög sprengifimt i snert-*
ingu við eldnæm efni.
 NATRÍUMLÚTUR (NaOH í vatnslausn), ef styrkleiki *fer fram úr 3%* (w/v)
 NATRÍUMNÍTRAT
 NÍTRÓANILÍN
 NÍTRÓSÓALKÝLAMÍN, sjá ALKÝLNÍTRÓSAMÍN
ortó-fosfórsýra, sjá FOSFÓRSÝRA
 OSMÍUMTETROXÍÐ
 OXALSÝRA og *sölt sýrunnar*, m. a. „sýrusalt“
para-díklórbenzen (DÍKLÓRBENZEN)
para-fenýlendíamín (FENÝLENDÍAMÍN)
para-tólúýlendíamín (TÓLÚÝLENDÍAMÍN)
 PENTAKLÓRFENÓL og *sölt þess*
 PENTICÍÐ, sjá DDT
 PERKLÓRSÝRA. — Á ilát skal letra eftirfarandi: *Mjög sprengifimt i snert-*
ingu við eldnæm efni.
 PETROLEUM, sjá STEINOLÍA
 PÍKRÍNSÝRA (2, 4, 6-trínítrófenól) og *sölt sýrunnar*
 SALMÍAKSPIRITUS, sjá AMMÓNÍAKVATN
 SALTPÉTURSSÝRA, ef styrkleiki *fer fram úr 5%* (w/v)
 SALTSÝRA, ef styrkleiki *fer fram úr 5%* (w/v)
 SÁPUKRESÓLAR, sjá KRESÓLAR *i sápuvatni*
 SILFURNÍTRAT (VÍTISSTEINN)
 STEINOLÍA (PETROLEUM), *óblönduð*

SÚRVATN (HÝDRÓGENPEROXÍÐ; „Brintoverilte“), ef styrkleiki fer fram úr 3% (w/v)
 TERPENTÍNA (hvers konar), óblönduð
 TÓLÚYLENDÍAMÍN (*para*-tólúylendíamín)
 TRÍKLÓREDIKSSÝRA og sölt sjrunnar í lausnum eða blöndum, ef styrkleiki er 50% (w/v) eða minni, sbr. lista II
 VÍTISSÓTI (NATRÍUMHÝDROXÍÐ; ÆTINATRÍUM)
 VÍTISSTEINN (SILFURNÍTRAT)
 ZINKKLÓRÍÐ, í lausnum (t. d. lóðvatn), ef styrkleiki fer fram úr 5% (w/v)
 ÆTIKALÍUM (KALÍUMHÝDROXÍÐ)
 ÆTINATRÍUM (NATRÍUMHÝDROXÍÐ; VÍTISSÓTI)

Öll önnur efni og efnasamsetningar, sem viðurkennd eru til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra og skráð eru í B og C hættuflokkum á listum yfir slík efni (sbr. 14. gr.).

LISTI IV A

(Hættuleg leysiefni (lífræn), A flokkur).

ACETÓNÍTRÍL (METÝLCÝANÍÐ)
 ACETÝLENDÍKLÓRÍÐ (DÍKLÓRETÝLEN)
 ACETÝLENTETRABRÓMÍÐ (TETRABRÓMETAN)
 BENZEN (BENZÓL; STEINKOLSNAFTA)
 BRENNISTEINSKOLEFNI (KARBÓDÍSÚLFÍÐ)
 BÚTYLCELLÓSOLVE (ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓBÚTYLETER;
 $\text{CH}_2\text{OH}\cdot\text{CH}_2\cdot\text{O}\cdot\text{C}_4\text{H}_9$)
 BÚTYLGLÝKÓL (ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓBÚTYLETER; $\text{CH}_2\text{OH}\cdot\text{CH}_2\cdot\text{O}\cdot\text{C}_4\text{H}_9$)
 DÍACETONALKÓHÓL (4-hýdroxí-4-metýl-2-pentanón)
 DÍBRÓMETAN (1, 2-díbrómetan), ef látið er úti 100 ml eða minna magn, sbr. lista II
 DÍETÝLENDÍOXÍÐ (DIOXAN; 1, 4-díetýlendíoxíð)
 DÍÍSÓBÚTYLKETÓN
 DÍKLÓRBENZEN (1, 2-díklórbenzen)
 DÍKLÓRETAN (1, 2-díklóretan), ef látið er úti 100 ml eða minna magn, sbr. lista II
 1, 1-díklóretan (ETÝLÍDENKLÓRÍÐ)
 DÍKLÓRETÝLEN (ACETÝLENDÍKLÓRÍÐ; 1, 2-díklóretýlen)
 DÍKLÓRETÝLETER (2, 2'-díklóretýleter)
 DÍKLÓRMETAN (METÝLENDÍKLÓRÍÐ)
 DÍKLÓRNÍTRÓETAN (1, 1-díklór-1-nitróetan)
 DÍKLÓRPRÓPAN (1, 2-díklórprópan)
 DÍKLÓRPRÓPÝLEN (1, 3-díklórprópýlen)
 DÍMETÝLFORMAMÍÐ (DMF; *N, N*-dímetýlformamíð)
 DIOXAN (DÍETÝLENDÍOXÍÐ)
 ETRI (ETER; ETÝLETER)
 ETÝLENDÍBRÓMÍÐ, sjá DÍBRÓMETAN
 ETÝLENDÍKLÓRÍÐ, sjá DÍKLÓRETAN
 ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓBÚTYLETER (BÚTYLCELLÓSOLVE;
 BÚTYLGLÝKÓL)
 ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETER (METÝLCELLÓSOLVE;
 METÝLGLÝKÓL)

ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETERACETAT (METÝLCELLÓ-
 SOLVEACETAT; METÝLGLÝKÓLACETAT)
 ETÝLENKLÓRHÝDRÍN (1 - hýdroxi - 2 - klóretan)
 ETÝLENTRÍKLÓRÍÐ (TRÍKLÓRETAN)
 ETÝLFORMÍAT
 ETÝLÍDENKLÓRÍÐ (1, 1 - díklóretan)
 FÚRFÚRÓL (FÚRFÚRAL; 2 - formýlfúran)
 FÚRFÚRÝLALKÓHÓL (2 - hýdroxímetýl - fúran)
 ISOFORON (3, 5, 5 - trímetylcyklóhexen (2) - ón (1))
 KARBÓDÍSÚLFÍÐ (BRENNISTEINSKOLEFNI)
 KLÓRNÍTRÓPRÓPAN (1 - klór - 1 - nítróprópan)
 KLÓRBENZEN (KLÓRBENZÓL; MÓNÓKLÓRBENZEN)
 KLÓRÓFORM (TRÍKLÓRMETAN), ef látið er úti *100 ml eða minna magn*,
 sbr. lista II
 MESITÝLOXÍÐ (2 - metýl - penten (2) - ón (4))
 METANÓL (METÝLALKÓHÓL; TRÉSPÍRITUS)
 METÝLAMÝLALKÓHÓL (METÝLÍSOBÚTÝLKARBÍNÓL)
 METÝLCELLÓSOLVE (METÝLGLÝKÓL;
 ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETER)
 METÝLCELLÓSOLVEACETAT (METÝLGLÝKÓLACETAT;
 ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETERACETAT)
 METÝLCÝANÍÐ (ACETÓNÍTRÍL)
 METÝLENDÍKLÓRÍÐ (DÍKLÓRMETAN)
 METÝLFORMÍAT
 METÝLGLÝKÓL (METÝLCELLÓSOLVE;
 ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETER)
 METÝLGLÝKÓLACETAT (METÝLCELLÓSOLVEACETAT;
 ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓMETÝLETERACETAT)
 METÝLÍSOBÚTÝLKARBÍNÓL (METÝLAMÝLALKÓHÓL)
 MÓNÓKLÓRBENZEN (KLÓRBENZEN; KLÓRBENZÓL)
 NÍTRÓRETAN
 NÍTRÓMETAN
 NÍTRÓPRÓPAN
ortó-díklórbenzen (DÍKLÓRBENZEN)
para-tert.-bútýltólúen (1 - metýl - 4 - tert. bútýlbenzen)
 PENTAKLÓRETAN
 PERKLÓRETÝLEN, sjá TETRAKLÓRETÝLEN
 PRÓPÝLENOXÍÐ
 STEINKOLSNAFTA (BENZEN; BENZÓL)
 TETRABRÓMETAN (1, 1, 2, 2 - tetrabrómetan)
 TETRAKLÓRETÝLEN (PERKLÓRETÝLEN; 1, 1, 2, 2 - tetraklóretýlen), ef
 látið er úti *200 ml eða minna magn*, sbr. lista II
 TRÉSPÍRITUS (METANÓL; METÝLALKÓHÓL)
 TRÍKLÓRETAN (ETÝLENTRÍKLÓRÍÐ; 1, 1, 2 - triklóretan), sbr. triklóretan,
 lista IV B
 TRÍKLÓRETÝLEN (1, 1, 2 - triklóretýlen), ef látið er úti *100 ml eða minna*
magn, sbr. lista II
 TRÍKLÓRMETAN, sjá KLÓRÓFORM
 TRÍKLÓRPRÓPAN (1, 2, 3 - triklórprópan)

LISTI IV B

(Hættuleg leysiefni (lífræn), B flokkur).

ACETÓN
alfa-metýlstýren (METÝLSTÝREN)
AMÝLACETAT
AMÝLALKÓHÓL
AMÝLBENZEN (AMÝLBENZÓL)
AMÝLFORMÍAT
ANON (CÝKLÓHEXANÓN)
BÚTANÓL (BÚTÝLALKÓHÓL)
BÚTANÓN (METÝLETÝLKETÓN)
BÚTÝLACETAT
BÚTÝLFORMÍAT
CELLÓSOLVE (ETÝLGLÝKÓL; ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETER)
CELLÓSOLVEACETAT (ETÝLGLÝKÓLACETAT;
ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETERACETAT)
CUMOL (CUMEN; ÍSÓPRÓPÝLBENZEN)
CÝKLÓHEXAN (HEXAMETÝLEN; HEXAHÝDRÓBENZÓL)
CÝKLÓHEXANÓL (HEXALÍN)
CÝKLÓHEXANÓN (ANON)
CÝKLÓHEXEN (TETRAHÝDRÓBENZÓL)
CÝKLÓHEXÝLACETAT (HEXALÍNACETAT)
CÝKLÓHEXÝLFORMÍAT (HEXALÍNFORMÍAT)
CYMOL (*p*-CYMEN; 1 - metýl - 4 - isóprópýlbenzen)
DEKAHÝDRÓNAFTALEN (DEKALÍN)
DÍETÝLBENZEN (DÍETÝLBENZÓL)
DÍFLÚORDÍBRÓMMETAN
DÍMETÝLBENZEN (XÝLEN)
DÍPRÓPÝLENGLÝKÓLMETÝLETER
ETÝLACETAT
ETÝLBENZEN (ETÝLBENZÓL)
ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETER (CELLÓSOLVE; ETÝLGLÝKÓL)
ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETERACETAT (CELLÓSOLVEACETAT;
ETÝLGLÝKÓLACETAT)
ETÝLGLÝKÓL (CELLÓSOLVE; ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETER)
ETÝLGLÝKÓLACETAT (CELLÓSOLVEACETAT;
ETÝLENGLÝKÓLMÓNÓETÝLETERACETAT)
HEXAHÝDRÓBENZÓL (CÝKLÓHEXAN)
HEXAHÝDRÓKRESÓL (METÝLCÝKLÓHEXANÓL)
HEXALÍN (CÝKLÓHEXANÓL)
HEXALÍNACETAT (CÝKLÓHEXÝLACETAT)
HEXALÍNFORMÍAT (CÝKLÓHEXÝLFORMÍAT)
HEXAMETÝLEN (CÝKLÓHEXAN)
HEXÝLACETAT (sek. hexýlacetat)
ÍSÓBÚTANÓL (ÍSÓBÚTÝLALKÓHÓL)
ÍSÓPRÓPANÓL (ÍSÓPRÓPÝLALKÓHÓL)
ÍSÓPRÓPÝLBENZEN (CUMOL)
MESITÝLEN (TRÍMETÝLBENZEN; 1, 3, 5 - trimetýlbenzen)
METÝLACETAT
METÝLANON (METÝLCÝKLÓHEXANÓN)
METÝLBENZEN (TÓLÚEN)
METÝLBÚTÝLKETÓN (2 - hexanón)
METÝLCÝKLÓHEXANÓL

METÝLCÝKLÓHEXANÓN
 METÝLCÝKLÓHEXÝLACETAT (METÝLHEXALÍNACETAT)
 METÝLCÝKLÓHEXÝLFORMÍAT
 METÝLETÝLKETÓN (BÚTANÓN)
 METÝLÍSÓBÜTÝLKETÓN (METÝLPENTANÓN; 4-metýlpentanón (2))
 METÝLÍSÓPRÓPÝLBENZEN (CYMOL; *p*-CYMEN; 1-metýl-4-ísóprópýl-
 benzen)
 METÝLKLÓRÓFORM (TRÍKLÓRETAN; 1, 1, 1-tríklóretan)
 METÝLPENTANÓN (4-metýlpentanón (2))
 METÝLPRÓPÝLKETÓN (PENTANÓN; 2-pentanón)
 METÝLSTÝREN (METÝLSTÝRÓL; *alfa*-metýlstýren)
 PENTANÓN (METÝLPRÓPÝLKETÓN; 2-pentanón)
 PRÓPÝLACETAT
 PRÓPANÓL (PRÓPÝLALKÓHÓL)
 PRÓPÝLBENZEN (PRÓPÝLBENZÓL)
 STÝREN (STÝRÓL; VÍNÝLBENZEN)
 TETRAHÝDRÓBENZÓL (CÝKLÓHEXEN)
 TETRAHÝDRÓFÚRAN
 TETRAHÝDRÓNAFTALEN (TETRALÍN; 1, 2, 3, 4-tetrahýdrónaftalen)
 TRÍKLÓRETAN (METÝLKLÓRÓFORM; 1, 1, 1-tríklóretan), sbr. tríklóretan,
 lista IV A
 TÓLÚEN (TÓLÚÓL)
 TRÍMETÝLBENZEN (1, 3, 5-trimetýlbenzen)
 VÍNÝLBENZEN (VÍNÝLBENZÓL; STÝREN)
 VÍNÝLTÓLÚEN (VÍNÝLTÓLÚÓL)
 XÝLEN (XÝLÓL)

LISTI V

(Hættulegar lofttegundir, er ekki hafa lækningagildi).

AMMÓNÍAK
 BRENNISTEINSDÍOXÍÐ (SO₂)
 BRENNISTEINSVETNI (HÝDRÓGENSÚLFÍÐ; H₂S)
 DÍAZÓMETAN (CH₂ = N⁺ = N⁻)
 DÍCÝAN ((CN)₂)
 FLÚOR
 KLÓR
 KARBÓMÓNOXÍÐ (CO)
 METÝLKLÓRÍÐ (MÓNÓKLÓRMETAN)
 T-gas (ETÝLENOXÍÐ)

Athugasemdir við viðauka I og II.

Í upphafi voru kannaðar innkaupabækur Reykjavíkur apóteks og Lyfjaverzlunar ríkisins. Spjaldskrá var gerð um nálega öll efni og efnasamsetningar, sem þar var að finna. Úr þessu safni voru síðan tínd öll þau efni, sem ekki eru notuð til lækninga eingöngu og telja má til eitrefna eða hættulegra efna. Þá var farið yfir lista þá, er fylgja dönsku lögunum og svara til lista I—V í lagafrumvarpi því, er hér liggur fyrir. Megnið af öllum efnum, sem þar eru talin, voru síðan tekin til nánari athugunar. Allmörg efni eru á dönsku listunum, er ekki fundust í innkaupabókum fyrrgreindra fyrirtækja. Á hinn bóginn fundust einnig nokkur efni í innkaupabókunum, sem ætla varð, að vanta mundi á dönsku listana. Á listum um eitrefni og hættuleg efni, eins og þeir eru hér úr garði gerðir, eru því talin öll efni, sem eru

á dönsku listunum og 20—30 efni að auki, er flest komu í leitirnar við könnun innkaupabókanna. Þá hafa nokkrar breytingar verið gerðar á röðun efna á listana frá því, sem er á tilsvarendi dönskum listum. Sem dæmi má nefna, að nokkur efni, er Danir telja til hættulegra efna, hafa verið flutt í flokk eittraðra efna (listar I og II). Var það gert m. a. með tilliti til upplýsinga um tíðni eittrana af völdum þessara efna á síðustu árum. Þannig er lagt til, að hömlur verði lagðar á sölu tetraklórmetans, hexicíðs (lindan), klórfenótans (DDT), díklóredíkssýru og tríklóredíkssýru, svo að dæmi séu nefnd. Sum þessara efna eru reyndar seld hér í lausasölu samkvæmt ákvæðum gildandi lyfjaskrár. Verður það að teljast varhugavert. Æskilegt er, að sömu reglur gildi um útlát tiltekinna efna úr lyfjabúðum, hvort sem þau eru látin úti sem lyf eða eiturefni.

Um rithátt atriðsorða á listunum skal þetta tekið sérstaklega fram:

Samheiti eru rituð að íslenskum hætti (með tilliti til uppruna orða, en *ekki* ætíð eftir framburði) svo fremi, að þau séu beinlínis dregin af efnafræðilegum heitum (t. d. dímetýlsúlfat, kalcíumfosfíð o. fl.), en ella að erlendum hætti (t. d. dinoseb, endrin o. fl.). Örfá frávik eru þó frá seinni reglunni. Þannig eru klór-fenótan og hexicíð rituð að íslenskum hætti. Sú er ástæða fyrir reglu þessari, að bæði Danir og Bretar og væntanlega ýmsar aðrar þjóðir hafa í stórum dráttum komið sér saman um rithátt á slíkum samheitum. Því var talið rétt að halda þeim rithætti, unz annað ræðst. Samheiti eru rituð stórum stöfum fremst í línu, en efnafræðilegra heita er alls staðar getið í svigum þar, sem þess er talin þörf. Ef efni hefur ekkert viðurkennt samheiti, er efnafræðileg samsetning tilfærð fremst í línu með litlum stöfum og utan sviga. Ef efni hefur fleira en eitt samheiti, sem jafnþekkt mega kallast, er að jafnaði reynt að tilfæra þau öll og vísa til þeirra á víxl. Stuðzt var við Recommended Common Names for Pesticides (British Standard 1831 : 1965, British Standards Institution) og Giftnevnets oversigt over klassificerede bekæmpelsesmidler 1965 (Landbrugets informationskontor, Kaupmannahöfn) um nafngiftir og efnafræðilega samsetningu efna.

Fylgiskjal I.

Reglugerð um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarendi leyfa.

1. gr.

Eiturbeiðnir eru leyfi, er lögreglustjórar gefa út handa einstaklingum samkvæmt beiðni þeirra, til kaupa á eiturefnum til eigin nota. Eiturbeiðnir gilda lengst í 1 ár frá útgáfudegi og gegn sömu eiturbeiðni má eigi láta úti oftari en í mesta lagi þrisvar sinnum (sbr. 5. gr.).

Eiturbeiðnir þarf ekki til kaupa á eiturefnum eða varningi, sem inniheldur tiltekin eiturefni og leyft er að selja á frjálsum markaði (sbr. næstu málsgr.).

Sölu eiturefna mega þeir einir annast, sem greindir eru í 1.—5. tölulið 1. málsgr. 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni. Heimilt er þó að selja á frjálsum markaði varning, er inniheldur tiltekin eiturefni (sbr. 7. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni), enda skal þá gæta settra fyrirmæla um notkun (sbr. 16. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni), og slíkar undanþágur (sbr. 21. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni) frá ákvæðum 5. gr. laganna skal auglýsa sérstaklega.

2. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka ekki til kaupa á eiturefnum, sem sérstaklega eru ætluð til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra (sbr. 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni og reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra). Sjá þó 9. og 10. gr. á eftir.

3. gr.

Eiturbeiðnir skulu hljóða á einungis eitt tilgreint eiturefni, eina tilgreinda blöndu eða samsetningu, er inniheldur tiltekin eiturefni eða hljóða á eina tegund varnings, sem tilgreindur er og hefur að geyma tiltekin eiturefni.

Seljandi ber fulla ábyrgð á því, að eiturbeiðnir séu rétt afgreiddar (sbr. einnig 5. og 6. gr.).

4. gr.

Eiturbeiðandi skal á eyðublaði (sbr. 5. gr. og viðauka 1) nákvæmlega greina, hve mikið magn (g, ml, kg, l) eiturefnis eða varnings hann hyggst nota og til hvers. Skal hann með undirskrift sinni staðfesta, að hann heiti að fara með fyllstu gát með umrætt eiturefni (eða varning) og þannig, að hvorki hljótist af tjón á mönnum, húsdýrum, né friðuðum dýrum eða plöntum, og muni ekki framselja neinn hluta þess öðrum til notkunar.

5. gr.

Eiturbeiðnir skal gefa út í þrítítt á sérstök eyðublöð (sbr. viðauka 1). Skal lögreglustjóri varðveita annað afrit, en eiturbeiðandi hitt. Eiturbeiðandi skal framvísa seljanda frumriti.

Seljandi skal halda eftir frumriti eiturbeiðnar, ef hún hljóðar á sterkt eiturefni (sbr. lista I við lög um eiturefni og hættuleg efni) eða samsetningu, blöndu eða varning, sem hefur slík efni að geyma og ekki er leyft að selja á frjálsum markaði, enda má einungis afgreiða einu sinni gegn slíkri eiturbeiðni. Ef eiturbeiðni hljóðar á eiturefni (sbr. lista II við lög um eiturefni og hættuleg efni) eða samsetningu, blöndu eða varning, sem hefur slík efni að geyma og ekki er leyft að selja á frjálsum markaði, skal seljandi árita eiturbeiðni í 2 fyrstu skipti, þegar henni er framvísað, þess efnis, að afgreiðsla hafi farið fram, en halda henni eftir í þriðja sinn, enda skal ekki afgreiða oftari en þrisvar sinnum gegn slíkri eiturbeiðni.

Seljandi skal í lok hvers árs senda eiturefnanefnd öll frumrit eiturbeiðna, er afgreiddar hafa verið og haldið eftir samkvæmt framanskráðu.

6. gr.

Eiturbeiðandi skal vera 18 ára eða eldri. Lögreglustjóri skal krefja eiturbeiðanda, að hann sanni með skilríkjum, hver hann er. Frá ákvæði þessu má þó víkja, ef eiturbeiðandi er lögreglustjóra svo kunnur, að slíks gerist ekki þörf.

Eigi má afhenda eiturefni öðrum en eiturbeiðanda. Skal seljandi krefja eiturbeiðanda, að hann sanni með skilríkjum, hver hann er. Frá ákvæði þessu má þó víkja, ef eiturbeiðandi er seljanda svo kunnur, að slíks gerist ekki þörf.

Eigi má gefa út eiturbeiðnir eða afhenda gegn þeim eiturefni, ef ástæða er til þess að ætla, að viðkomandi kynnu að fara sjálfum sér að voða eða gætu unnið öðrum tjón með efnunum sökum geðveiki, ölvunar, vanþroska, vanstillingar eða fákunnáttu o. s. frv.

7. gr.

Eiturbeiðnir mega ekki hljóða á eiturefni í hættuflokkum X og A (sbr. 9. gr.). Enn fremur mega eiturbeiðnir hvorki hljóða á eiturefni, sem algert bann liggur við að nota, né á eiturefni til einhverra þeirra nota, sem bann liggur við.

8. gr.

Nú nota iðnaðarmenn eða aðrir einstaklingar tiltekin eiturefni að staðaldri við störf sín. Má þá veita leyfi til kaupa á umræddum efnunum, er gilda til 1—3 ára í senn.

Lögreglustjóri gefur út, að fengnu samþykki eiturefnanefndar, númerað skirteini (sjá viðauka 2), er hlutaðeigandi skal ávallt bera á sér við störf sín og veitir leyfi til slíkra kaupa. Leyfi eru bundin við notendur efnanna persónulega, og eru þeir ábyrgir, ef tjón hlýzt af notkun þeirra. Greina skal á leyfisskirteinum þau eiturefni (sbr. 1. málsg. 3. gr.), sem leyfð eru kaup á.

Umsóknir um leyfi þessi skal senda hlutaðeigandi yfirvaldi (lögreglustjóra), er sendir þær eiturefnanefnd til umsagnar. Eiturefnanefnd leitar álits formanns hlutaðeigandi iðnaðarmannafélags á hverjum stað eða annarra dómbærra manna, eftir því sem við á hverju sinni, um umsækjendur. Eiturefnanefnd skal senda hlutaðeigandi yfirvaldi umsögn sína innan 2 mánaða.

Eiturefnanefnd getur farið þess á leit við hlutaðeigandi yfirvald, að leyfi þessi verði numin úr gildi, ef gildar ástæður eru til þess að ætla, að leyfishafar brjóti svo af sér við störf sín, að hætta gæti stafað af. Hlutaðeigandi yfirvald getur, hvenær sem er, numið slík leyfi úr gildi, ef fyrrgreindar ástæður mæla með því. Heimilt er í slíkum tilvikum að áfrýja úrskurði yfirvalds undir dóm ráðherra.

Seljandi má eigi afhenda eiturefni gegn leyfum þessum öðrum en þeim, er nota skal efnin (sbr. 1. málsg.). Seljanda er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að afhenda öðrum umræddan varning fyrir hönd notanda, enda hafi notandi með sím-tali eða á annan viðhlítandi hátt tilkynnt, að varninginn skuli afhenda þeim, er hann tilgreinir. Sá, er veita á varningnum viðtöku fyrir hönd notanda, skal þá með skilríkjum sanna seljanda, hver hann er, nema hann sé seljanda svo kunnur, að slíks gerist ekki þörf. Notandi ber jafnt ábyrgð á varningnum, hvort sem hann hefur verið afhentur sjálfum honum eða öðrum, er hann hefur tilnefnt í sinn stað.

Um útgáfu leyfa og afhendingu eiturefna gegn þeim gilda enn fremur ákvæði 1. og 3. málsg. 6. gr. svo og ákvæði 7. gr.

9. gr.

Þeir einir mega kaupa og nota eiturefni í hættuflokkum X og A, er brýna þörf hafa fyrir slík efni við störf sín og til þess hafa fengið sérstök leyfi (sbr. 4. gr. reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra).

Leyfishafar skulu ávallt bera á sér við störf sín númerað leyfisskirteini (sbr. viðauka 3), er lögreglustjóri gefur út að fengnu samþykki eiturefnanefndar.

10. gr.

Ef sérstaklega stendur á, er lögreglustjóra heimilt, enda þótt umsagnar eiturefnanefndar hafi ekki verið leitað, að veita leyfi til kaupa á takmörkuðu magni eiturefna í hættuflokki A (sbr. 4. gr. reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra).

Gegn slíkum leyfum má aðeins láta úti einu sinni og skulu þau hljóða á einungis eitt tilgreint eiturefni (sbr. 1. málsg. 3. gr.).

Leyfi þessi skal ekki rita á sérstök eyðublöð, enda ber lögreglustjórum skylda til þess að takmarka útgáfu þeirra svo sem frekast er auðið.

11. gr.

Um hegningu og viðurlög fyrir brot á ákvæðum þessum skal fara samkvæmt 22. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni og öðlast þegar gildi. Samtímis fellur úr gildi auglýsing landlæknis til lyfsala og lækna 19. nóvember 1913 um sölu á eiturefnum til annarra afnota en lækninga.

EITURBEIÐNI

Viðauki nr. 1
(prentist á gulan pappír)

Eiturbeiðnir skulu hljóða á einungis eitt tilgreint eiturfni, eina tilgreinda blöndu eða samsetningu, er inniheldur tiltekin eiturfni, eða hljóða á eina tegund varnings, sem tilgreindur er og hefur að geyma tiltekin eiturfni. — Eiturbeiðandi skal vera 18 ára eða eldri. — Eigi má afhenda eiturfni öðrum en eiturbeiðanda. — Eigi má gefa út eiturbeiðnir eða afhenda gegn þeim eiturfni, ef ástæða er til þess að ætla, að viðkomandi kynnu að fara sjálfum sér að voða eða gætu unnið öðrum tjón með efnunum.

Ég undirritaður beiðist leyfis til þess að kaupa:

.....
Tegund eiturfnis og magn
.....

sem ég ætla að hafa til eigin nota við
Notkun

Heiti ég að fara með fyllstu gát með þetta eiturfni og þannig, að hvorki hljótist af tjón á mönnum, húsdýrum, né friðuðum dýrum eða plöntum.
Enn fremur mun ég ekki framselja neinn hluta þess öðrum til notkunar.

..... / 19.....
.....
Fullt nafn
.....
Atvinna eða staða

Að mínu áliti er óhætt að selja beiðanda þetta eiturfni og gef ég út eiturbeiðni þessa samkvæmt ákvæðum reglugerðar um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvaramandi leyfa.

Afgreitt (um efni á lista I) / 19.....
..... / 19.....
.....
Lögreglustjóri

(um efni á lista II)

- 1. afgreiðsla / 19.....
- 2. afgreiðsla / 19.....
- 3. afgreiðsla / 19.....

Eiturbeiðnir mega ekki hljóða á eiturfni í hættuflokkum X og A. — Enn fremur mega eiturbeiðnir hvorki hljóða á eiturfni, sem algert bann liggur við að nota, né á eiturfni til einhverra þeirra nota, sem bann liggur við.

LEYFISSKÍRTEINI

Fullt nafn
Fæðingarstaður, dagur og ár — Nafnnúmer
Heimili
Staða eða atvinna
Útgáfustaður, útgáfudagur og ár
Gildir til
Númer
..... lögreglustjóri

Leyfi þetta veitir heimild til þess að kaupa og nota þau eiturefni, sem skráð eru

Á LISTUM I OG II,

er fylgja lögum um eiturefni og hættuleg efni, sbr. 1. gr. laganna, og hér greinir:

Hvar og hvenær leyfisskírteini var fyrst gefið út.

Leyfishafi skal ávallt bera skírteini þetta á sér við störf sín.

(Skírteini þessi skulu prentuð á rauðan pappír, 10,5 cm×15 cm að stærð. Ganga skal frá skírteinum þessum á sama hátt og ökuskírteinum.)

LEYFISSKÍRTEINI

Fullt nafn
Fæðingarstaður, dagur og ár — Nafnnúmer
Heimili
Staða eða atvinna
Útgáfustaður, útgáfudagur og ár
Gildir til
Númer
..... lögreglustjóri

Leyfi þetta veitir heimild til þess að kaupa og nota eiturefni

Í HÆTTUFLOKKUM X OG A,

sbr. 4. gr. reglugerðar um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Hvar og hvenær leyfisskírteini var fyrst gefið út.

Leyfishafi skal ávallt bera skírteini þetta á sér við störf sín.

(Skírteini þessi skulu prentuð á bláan pappír, 10,5×15 cm að stærð. Ganga skal frá skírteinum þessum á sama hátt og ökuskírteinum.)

Fylgiskjal II.

Reglugerð um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Verksvið.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka til *plöntulyfja, örgresisefna, stýriefna og útrýmingarefna* til nota í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

Plöntulyf eru hvers konar efni og efnasamsetningar, sem ætluð eru til varnar gegn sjúkdómum eða skemmdum í lifandi plöntum eða plöntuhlutum af völdum sýkla (bakteriur, sveppir, vírusar o. s. frv.), skordýra, lindýra eða annarra óæðri dýra.

Örgresisefni eru hvers konar efni og efnasamsetningar, sem ætluð eru til þess að deyða, draga úr eða hefta vöxt plantna (sbr. stýriefni).

Stýriefni eru efni og efnasamsetningar, sem sérstaklega eru ætluð til þess að stýra vexti nytjaplantna eða hluta þeirra (hraða eða seinka vexti) eða til að draga úr öndun og spírun plantna eða plöntuhluta í geymslu.

Útrýmingarefni eru hvers konar efni og efnasamsetningar, sem ætluð eru til þess að verja uppskorinn jarðargróður skemmdum af völdum sýkla (bakteriur, sveppir, vírusar o. s. frv.), skordýra, lindýra, nagdýra eða annarra dýra með heitt eða kalt blóð, er neyta uppskorins jarðargróðurs sér til lifs og tímgunar og meindýr teljast. Útrýmingarefni eru enn fremur efni og efnasamsetningar, sem notuð eru til þess að eyða hvers konar meindýrum á víðavangi, í híbýlum manna, peningshúsum, húsbúnaði, farartækjum, vöruskemmmum o. s. frv.

Fara skal með efni þessi sem eiturefni eða hættuleg efni (sbr. 1. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni).

Átt er við framangreind efni, þegar að neðan er rætt um efni og efnasamsetningar án frekari skýrgreiningar.

Efni, sem notuð eru til þess að varna skemmdum í trjávið, svo sem málning og lökk, tjara, bik, menja o. s. frv., teljast ekki útrýmingarefni. Enn fremur teljast ekki til útrýmingarefna díklórbenzen (paradíklórbenzen) og naftalen (naftalín) til eyðingar á mól.

Ákvæði reglugerðar þessarar taka ekki til lyfja (mannalyf, dýralyf), sem greind eru í gildandi lyfjaskrá eða öðrum hliðstæðum heimildum, enda þótt þau megi einnig nota sem plöntulyf, örgresisefni, stýriefni eða útrýmingarefni, ef þau eru látin úti samkvæmt ákvæðum gildandi lyfsölulaga (sbr. reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 30 16. maí 1966).

Nú er vafamál, hvort ákvæði reglugerðar þessarar gilda um tiltekin efni eða efnasambönd. Ráðherra skal þá að fenginni umsögn landlæknis og eiturefnanefndar veita úrskurð í slíkum málum.

Framleiðsla efna og efnasamsetninga.

2. gr.

Plöntulyf, örgresisefni, stýriefni og útrýmingarefni mega þeir einir framleiða, er til þess hafa leyfi ráðherra, enda mæli öryggismálastjóri og eiturefnanefnd með veitingu slíkra leyfa (sbr. 4. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni).

Skráning efna og efnasamsetninga.

3. gr.

Plöntulyf, örgresisefni, stýriefni eða útrýmingarefni má því einungis flytja til landsins, selja eða nota, að þau hafi hlotið viðurkenningu ráðherra og verið skráð á lista yfir slík efni.

Framleiðandi, umboðsmaður framleiðanda eða innflytjandi skal sækja til heilbrigðismálaráðuneytisins um viðurkenningu á þeim efnum, er hann hyggst selja eða flytja til landsins. Eiturefnanevnd gerir tillögur um gerð lista yfir slík efni (sbr. 1. málsg.), er landlæknir semur og ráðherra gefur út. Tilgreina skal á listunum hættuflokk hvers efnis og efnasamsetningar (sbr. 1. málsg. 4. gr.).

Umsækjandi greiðir umsóknargjald með hverri umsókn og síðan árgjald af hverju efni eða efnasamsetningu, er viðurkenningu hlýtur og skráð er á listum yfir slík efni. Fella má niður skráningargjöld og árgjöld, ef sérstakar ástæður mæla með. Ráðherra tilkynnir með auglýsingu, hvernig háttá eigi umsóknum og hverjar upplýsingar og gögn skulu fylgja þeim.

Sækja má um leyfi til innflutnings á takmörkuðu magni efna, sem ekki hafa hlotið viðurkenningu og verið skráð, ef um tilraunastarfsemi er að ræða, enda skulu slíkum umsóknum fylgja meðmæli sérfræðinga Búnaðarfélags Íslands, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins eða annarra dómbærra manna. Í slíkum málum skal ævinlega leita álits eiturefnanevndar.

Ráðherra getur að fenginni umsögn landlæknis og eiturefnanevndar felld úr gildi viðurkenningu tiltekinna efna og efnasamsetninga, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi (t. d. upplýsingar um áður óþekkt eiturhrif). Ráðherra skal þá með tilkynningu staðfesta, að efnið hafi verið tekið af listum yfir viðurkennd efni og efnasamsetningar (sbr. 1. málsg.).

Flokkun efna og ákvæði um notkun.

4. gr.

Eiturefnanevnd skipar viðurkenndum og skráðum efnum og efnasamsetningum eftir eiturhrifum í 4 hættuflokka: X, A, B og C. Efni í hættuflokkum X og A teljast eiturefni, en efni í hættuflokkum B og C hættuleg efni (sbr. 6. málsg. 1. gr.), nema öðru vísi sé ákveðið.

Þeir einir mega kaupa og nota efni í hættuflokki X, er brýna þörf hafa fyrir slík efni við störf sín og til þess hafa fengið leyfi. Leyfi eru bundin við notendur efnanna persónulega og eru veitt til 1—3 ára í senn. Lögreglustjóri gefur út að fengnu samþykki eiturefnanevndar númerað leyfisskrirteini (sbr. 9. gr. reglugerðar um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarendi leyfa), er leyfishafi skal ávallt bera á sér við störf sín.

Umsóknir um leyfi til þess að nota efni í hættuflokki X skal senda hlutaðeigandi yfirvaldi (lögreglustjóra), er sendir þær eiturefnanevnd til umsagnar. Eiturefnanevnd leitar álits, eftir því sem við á hverju sinni, sérfræðinga Búnaðarfélags Íslands, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Skógræktar ríkisins og embættislækna á hverjum stað um umsækjendur. Eiturefnanevnd skal senda hlutaðeigandi yfirvaldi umsögn sína innan 2 mánaða.

Þeir einir mega nota efni í hættuflokki A, er leyfi hafa til þess að kaupa og nota efni og efnasambönd í hættuflokki X (sbr. þó næstu málsg.). Leyfi til þess að nota efni og efnasamsetningar í hættuflokki A eru þó ekki bundin við leyfishafa persónulega. Leyfishafar geta því, ef svo ber við, látið aðra nota efni og efnasamsetningar í hættuflokki A undir sinni yfirstjórn, enda bera leyfishafar ábyrgð á notkun efnanna.

Lögreglustjóra er heimilt, enda þótt umsagnar eiturefnanevndar hafi ekki verið leitað, að veita leyfi til kaupa á takmörkuðu magni efna og efnasambanda í hættuflokki A, ef sérstakar ástæður mæla með. Gegn slíkum innkaupaheimildum má þó eigi láta úti oftari en einu sinni (sbr. 10. gr. reglugerðar um útgáfu og afgreiðslu eiturbeiðna og annarra tilsvarendi leyfa).

Eiturefnanevnd getur farið þess á leit við hlutaðeigandi yfirvald (sbr. 2. málsg.), að numin verði úr gildi leyfi til þess að kaupa og nota efni í hættuflokkum X og A, ef gildar ástæður eru til þess að ætla, að leyfishafar brjóti svo af sér við störf sín, að hætta gæti stafað af. Hlutaðeigandi yfirvald getur, hvenær sem er, numið slík

leyfi úr gildi, ef fyrrgreindar ástæður mæla með því. Heimilt er í slíkum tilvikum að áfrýja úrskurði yfirvalds undir dóm ráðherra.

Eiturefnanefnd getur sett að skilyrði fyrir veitingu leyfa til að mega nota efni í X og A hættuflokkum, að hlutaðeigendur hafi áður sótt námskeið til þess að öðlast sérþekkingu í meðferð þeirra efna, er þeir hyggjast fyrst og fremst nota við störf sín.

Nú eru efni og efnasambönd í X og A hættuflokkum notuð við tilraunir á vegum rannsóknastofnana í rikiseign. Skal þá niður falla leyfiskvöð notenda, enda skulu vísindamenn hlutaðeigandi stofnana hafa fulla umsjá með notkun efnanna.

Sérstök leyfi þarf ekki til þess að kaupa eða nota efni og efnasambönd í B og C hættuflokkum.

Innflutningur, sala og dreifing.

5. gr.

Innflutning efna og efnasamsetninga í X, A og B hættuflokkum mega þeir einir annast, er greindir eru í 1.—6. tölulið 1. málsg. 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni. Innflytjendum er heimilt að selja eða afhenda hverjum öðrum fyrrgreindan varning, en ekki þriðja aðila, nema þeir hafi til þess sérstakt leyfi ráðherra, enda mæli landlæknir og eiturefnanefnd með veitingu slíkra leyfa (sbr. 5. tölulið 1. málsg. 5. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni). Innflytjendum, sem ekki hafa slík leyfi, er þó heimilt að selja embættislæknum fyrir hönd meindýraeyða eða annarra útrýmingarefni til nota í þágu almennings, enda skulu embættislæknar hafa efnin í sinni umsjá.

Leyfi til þess að selja efni og efnasamsetningar í X, A og B hættuflokkum eru bundin við:

- a) að leyfishafi hafi í fullri dagvinnu ekki færri en einn mann, er hefur sérstaka vörubekkingu á umræddum efnum, enda skal sá maður (menn) hafa umsjá með sölu;
- b) að efnin séu varðveitt í sérstakri geymslustúku eða herbergi þar, sem enginn annar varningur er geymdur;
- c) að gólf geymslustúkunnar sé úr vatnspéttu efni og aðskilið frá gólfi nærliggjandi herbergja;
- d) að læsa megi geymslustúkunni sérstaklega.

Leyfi til þess að selja efni og efnasamsetningar í hættuflokkum X, A og B gilda til 5 ára í senn. Nema skal slík leyfi úr gildi, ef misbrestur er á, að framangreindum skilyrðum sé fullnægt eða aðrar gildar ástæður mæla með því. Embættislæknar hafa á hverjum stað eftirlit með sölubúðum leyfishafa, svo og aðrir, sem tilnefndir kunna að vera (sbr. 20. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni).

Ráðherra getur að fenginni umsögn landlæknis og eiturefnanefndar veitt lyfsölum leyfi til þess að verzla með efni og efnasamsetningar í hættuflokkum X, A og B, enda mæli sérstakar ástæður með veitingu slíkra leyfa (t. d. mikil fjarlægð frá viðurkenndri sölubúð, sbr. 1. og 2. málsg.). Slík leyfi gilda til 5 ára í senn. Þau má takmarka við sölu á tilteknum efnum í X eða A hættuflokkum eða við sölu á efnum og efnasamsetningum í B hættuflokki eingöngu.

Efni og efnasamsetningar í hættuflokki X má einungis flytja til landsins á skipum. Skipafélög eða leigutaki skips ber ábyrgð á því, að slíkur varningur valdi hvorki tjóni á mönnum né öðrum vörum í vöruskemmum, unz innflytjandi sækir varninginn. Ef varningurinn er ekki fluttur úr vöruskemmu beint í geymslustúku seljanda (sbr. 1. málsg.), skal innflytjandi geyma hann sérstaklega og þannig, að mönnum eða húsdýrum stafi ekki hætta af. Inflytjandi er bótaskyldur, ef út af þessu er brugðið. Strangari ákvæði má setja að þessu lútandi í auglýsingu, ef þörf gerist.

Seljendum ber að varast, svo sem frekast er auðið, að rjúfa umbúðir um efni og efnasamsetningar í hættuflokkum X og A. Nú rýfur seljandi slíkar umbúðir með þeim afleiðingum, að tjón hlýzt af á mönnum eða dýrum eða matvæli og fóðurvörur mengast af efnunum. Er þá seljandi ábyrgur fyrir tjóninu og bótaskyldur.

Í sendingum innanlands skulu vera viðeigandi merkimiðar á yztu umbúðum (sbr. 7. gr.). Ráðherra getur, ef þörf gerist, sett nánari reglur um flutning efna og efnasamsetninga í öllum hættuflokkum (sbr. 18. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni).

Afgreiðsla og afhending.

6. gr.

Seljendum efna og efnasamsetninga í X, A og B hættuflokkum (sbr. 1. og 2. málsg. 5. gr.), er skylt að færa í innbundna bók með tölusettum blöðum og í réttri tímaröð alla sölu slíkra efna. Í bókinni skal tilgreina heiti efna, selt magn, nafn kaupenda og heimilisfang, svo og dagsetningu, er sala fór fram. Bók þessa skal í lok hvers árs senda eiturefnanefnd til yfirlits. Sömu skyldur hvíla á lyfsölum, er leyfi hafa til sölu á efnum og efnasamsetningum í fyrrgreindum hættuflokkum (sbr. 4. málsg. 5. gr.). Seljendur skulu enn fremur halda eftir og senda eiturefnanefnd við lok hvers árs leyfi til innkaupa á efnum í hættuflokki A, er láta má úti gegn einungis einu sinni (sbr. 5. málsg. 4. gr.).

Seljandi má eigi afhenda efni og efnasamsetningar í X hættuflokki öðrum en þeim, er nota skal efnin (sbr. 2. málsg. 4. gr.). Seljanda er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að afhenda öðrum umræddan varning fyrir hönd notanda (kaupanda), enda hafi notandi með samtali eða á annan viðhlítandi hátt tilkynnt, að varninginn skuli afhenda þeim, er hann tilgreinir. Sá, er veita á varningnum viðtöku fyrir hönd notanda, skal vera 18 ára eða eldri (sbr. 4. málsg.). Hann skal með skilríkjum sanna seljanda, hver hann er, nema hann sé seljanda svo kunnur, að slíks gerist ekki þörf. Notandi ber jafnt ábyrgð á varningnum, hvort sem hann hefur verið afhentur sjálfum honum eða öðrum, er hann hefur tilnefnt í sinn stað.

Efni og efnasambönd í A hættuflokki skal afhenda notanda eða þeim, er hann tilnefnir í sinn stað, enda skal hann vera 18 ára eða eldri (sbr. næstu málsg.). Seljanda er þó heimilt, ef sérstaklega stendur á, að senda kaupanda efni og efnasambönd í A hættuflokki í pósti, enda skal þá gætt fyrirmæla um ílát, umbúðir og merkingu þeirra (sbr. 7. gr.).

Efni og efnasamsetningar í X og A hættuflokkum má einungis selja eða afhenda þeim, sem er 18 ára eða eldri. Eigi má afhenda efni og efnasamsetningar í þessum hættuflokkum, ef ástæða er til þess að ætla, að viðkomandi kynni að fara sjálfum sér að voða eða gætu unnið öðrum tjón með efnunum sökum geðveiki, ölvunar, vanþroska, vanstillingar eða fákunnáttu o. s. frv. (sbr. 7. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni).

Ílát, umbúðir og merking þeirra.

7. gr.

Ílát og umbúðir skulu vera svo tryggjar sem frekast er auðið. Efni og efnasamsetningar má ekki selja eða flytja innanlands í annars konar ílátum en þeim, sem eiturefnanefnd hefur samþykkt. Ef efni eru seld í flöskum, skulu þær vera sexstrendar og/eða rífflaðar og með skrúflokki. Ákvæði þetta gildir þó ekki, ef flöskur rúma meira en 1 lítra.

Á ílátum skal standa:

- a) heiti efnis eða efnasamsetningar,
- b) magn (g, kg, ml, l),
- c) heiti virkra efna og hundraðshluti,
- d) heiti og hundraðshluti óvirkra efna,
- e) nafn og heimili framleiðanda eða framleiðslufirma,
- f) framleiðsludagur og ár eða innflutningsdagur og ár,
- g) fyrningartími, ef einhver er,
- h) helztu notkunarreglur,
- i) helztu varúðarreglur,
- j) ábendingar um, hvað gera skal, ef slys ber að höndum.

Eiturefnanefnd getur leyft, að framangreindar upplýsingar séu á dönsku eða norsku, ef öruggt er, að merking ílátanna hafi hlotið viðurkenningu réttra yfirvalda í Danmörku eða Noregi. Öll önnur tilskilin merking eða auðkenning íláta og umbúða skal ævinlega vera á íslenzku.

Í flutningi og sendingum innanlands skulu vera á yztu umbúðum merkimiðar, er greina hættuflokk (t. d. hættuflokkur X o. s. frv.) og aðrar upplýsingar, er þar skulu vera (sbr. á eftir), svo og varnaðarmerki, er við eiga um hvern flokk (sbr. 6.—9. málsgr.). Merkimiðar og varnaðarmerki skulu vera mismunandi stór eftir stærð umbúða, en kveða má nánar á um með auglýsingu, hvert hlutfall skuli vera milli stærðar merkimiða og varnaðarmerkja og stærðar umbúða.

Merkimiðar og varnaðarmerki skulu vera með prentuðu lettri. Á merkimiðum skal vera rautt letur í hvítum eða ljósum grunni. Á merkimiðum skal ávallt greina nafn og heimilisfang seljanda.

Varnaðarmerki X flokks er hvít eða ljós hauskúpa í svörtum grunni og skulu orðin STERKT EITUR letruð stórum hvítum eða ljósum stöfum í grunninn fyrir neðan hauskúpuna. Á merkimiða á umbúðir um efni í X flokki skal enn fremur (auk flokksheitis og nafns og heimilisfangs seljanda) letra með stórum stöfum: MÁ EKKI FLYTJA INNAN UM AÐRAR VÖRUR. VARIZT AÐ SNERTA UMBÚÐIRNAR, EF ÞÆR ERU BROTNAR EÐA MENGADAR AF INNIHALDINU.

Varnaðarmerki A flokks er hvít eða ljós hauskúpa (sams konar og X flokks) í svörtum grunni og skal orðið EITUR letrað stórum hvítum eða ljósum stöfum í grunninn fyrir neðan hauskúpuna. Á merkimiða á umbúðir um efni í A flokki skal enn fremur (auk flokksheitis og nafns og heimilisfangs seljanda) letra með stórum stöfum: MÁ EKKI FLYTJA INNAN UM MAT OG FÓÐURVÖRUR.

Varnaðarmerki B flokks eru orðin VARÚÐ, HÆTTULEGT, sem letruð eru stórum hvítum eða ljósum stöfum í svartan grunn. Á merkimiða á umbúðir um efni í B flokki skal enn fremur (auk flokksheitis og nafns og heimilisfangs seljanda) letra stórum stöfum: VARIZT AÐ FLYTJA INNAN UM MAT OG FÓÐURVÖRUR.

Varnaðarmerki C flokks er orðið VARÚÐ, letrað stórum hvítum eða ljósum stöfum í svartan grunn.

Nú eru efni og efnasamsetningar sérstaklega hættulegar einni eða fleiri dýra- tegundum, t. d. fiskum eða fuglum. Ílát og umbúðir skulu þá sérstaklega merktar með tilliti til þessa, t. d. HÆTTULEGT FISKUM. Vara skal við hvimleiðum eða sérstökum eiginleikum efna, ef þess gerist þörf.

Festa skal við ílát um efni og efnasamsetningar í X, A og B hættuflokkum spjöld, 6×12 cm að stærð. Spjöldin skulu vera í þar til gerðum gagnsæjum plast- hylkjum og fest rækilega með vír eða bandi við flöskur, glös, dunka, brúsa eða önnur ílát um efni og efnasamsetningar í ofangreindum hættuflokkum.

Á spjöldum, sem fest er við ílát um efni og efnasamsetningar í X flokki, skal standa beggja vegna í ramma HÆTTUFLOKKUR X. Annars vegar stendur varnaðarmerki X flokks (sjá að framan) og enn fremur með feitu lettri orðin: GÆTIÐ FYLLSTU VARÚÐAR VIÐ NOTKUN, GEYMIST Á ÖRUGGUM STAÐ FJARRI FÆÐU OG FÓÐRI. Hins vegar stendur nafn seljanda, sú dagsetning, þegar salan fór fram, svo og nafn og heimilisfang kaupanda. Með neðri rönd skal og standa: BANNAÐ AÐ LOSA SPJALD ÞETTA FRÁ ÍLÁTI.

Á spjöldum, sem fest er við ílát um efni í A flokki, skal standa beggja vegna í ramma HÆTTUFLOKKUR A. Annars vegar stendur varnaðarmerki A flokks (sjá að framan) og enn fremur sömu orð á spjöldum X flokks. Hins vegar standa sömu upplýsingar og eru á spjöldum X flokks (sjá að framan).

Á spjöldum, sem fest er við ílát um efni í B flokki, skal standa beggja vegna í ramma HÆTTUFLOKKUR B. Annars vegar stendur varnaðarmerki B flokks (sjá að framan) og nafn seljanda. Hins vegar stendur á spjaldinu með stóru lettri. VARIZT

AÐ og á eftir því með miðlungsstöru lettri: „Anda að yður innihaldinu, neyta þess eða láta liggja á húð. Þvoið yður vandlega eftir að hafa notað efnið. — Geymist fjarri fæðu og fóðri og þannig, að börn nái ekki til. — Fleygið tæmdu ílátinu í sorptunnu eða brennið það“.

Nú flytur inn eða kaupir af innflytjanda rannsóknastofnun í rikiseign eða embættislæknir fyrir hönd meindýraeyða efni í X, A og B hættuflokkum, sem eingöngu eru ætluð til nota í tilraunaskyni eða til útrýmingar á meindýrum í þágu almennings. Er þá heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum, um spjaldmerkingu íláta, er að framan greinir.

Geymsla efna og förgun tæmdra íláta.

8. gr.

Skytt er öllum þeim, er kaupa mega og nota efni og efnasamsetningar í X og A hættuflokkum, að geyma efnin í læstum skáp eða hólfi í geymsluherbergi, og skal geymslustaður vera greinilega auðkenndur með viðeigandi varnaðarorðum („varúð“, „eitur“ o. s. frv.). Vanræksla í þessu efni varðar missi réttinda til þess að mega kaupa og nota efni og efnasambönd í hættuflokkum X og A.

Efni og efnasambönd í hættuflokkum B og C skal varðveita fjarri mat og fóðurvöru og þannig, að börn nái ekki í.

Tæmd ílát skal brenna eða fleygja í sorptunnu, ef þess er nokkur kostur. Ella skal grafa tæmd ílát í jörð fjarri vötnum og vatnsbólum eða endursenda ílát og umbúðir, luktur og merktar á viðeigandi hátt.

Eigi má farga meiri háttar birgðum efna og efnasambanda í X, A og B hættuflokkum nema með samþykki viðkomandi embættislæknis (sbr. 19. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni).

Hegning og viðurlög.

9. gr.

Um hegningu og viðurlög fyrir brot á ákvæðum þessum skal fara samkvæmt 22. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.

Gildistaka.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni og öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal III.

Reglugerð um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna.

Dráp loðdýra og skordýra.

1. gr.

Loðdýr má eigi deyða með *cýansamböndum* (blásýru og söltum hennar) eða með *stryknini*.

Skordýr má því aðeins veiða og deyða með *cýankalíum*, að efnið sé steyppt í gifslag í glasi. Í hverju glasi mega í mesta lagi vera 50 g af efninu.

Böðun sauðfjár.

2. gr.

Heimilt er að selja á frjálsum markaði *hexicið (lindan)*, sem sérstaklega er ætlað til þess að eyða óþrifum í sauðfé við böðun, enda þótt styrkleiki efnisins sé meiri en 2% (w/w eða w/v), sbr. lista II og III við lög um eiturefni og hættuleg efni. Á ílátum skulu vera notkunarreglur á íslenzku, varnaðarorð og fyrirmæli um þvott og hreinsun íveruklæða þeirra, er baða, svo og leiðbeiningar um förgun ílátanna.

Málning og litir.

3. gr.

Arsenmagn í lit til notkunar í málningu, sem seld er á frjálsum markaði, má ekki vera meira en 1 mg í hverju g af litnum þurrum eða meira en 1 mg í 1,5 g af litnum fullbúnnum til notkunar. Arsenmagn má þó vera meira í lit, sem notaður er við listmálun eða í málningu á skip neðan sjávarborðs, sbr. reglugerð um ílát, merkingu, útlát og varðveizlu eiturefna og hættulegra efna.

Antimon-, arsen-, blý- og kvikasilfurssambönd má því einungis nota til litunar eða málningar leikfanga, að eigi sé meira magn en 0,4 mg af arseni eða kvikasilfri eða 5 mg af antimoni eða blýi í því magni litar eða málningar, er áborin hylur 100 cm² flöt. Ákvæði þessi taka þó eigi til kvikasilfurssúlfiðs (zinnóber) og antimonsúlfiðs.

Varnir gegn fúa í vefnaði og trjávöru.

4. gr.

Arsen- og kvikasilfurssambönd má einungis nota til þess að varna fúa í vefnaði, svo sem segldúk, ábreiðum og tjöldum, og í trjávöru, svo sem borðum, bitum, fjöllum og listum, sem ætluð er til nota *utan húss*. Á ílátum um arsen- og kvikasilfurssambönd, sem notuð eru til þess að varna fúa og seld eru á frjálsum markaði, skulu vera leiðbeiningar um notkun, svo og áminning til seljanda um að benda kaupanda á, hverjum takmörkunum notkun efnanna er háð. Eftir að borin hafa verið á fúavarnandi arsen- eða kvikasilfurssambönd, skal tré og trjávara hafa annan lit en þann, er viðurinn hafði áður.

Tetraetýlblý í benzíni.

5. gr.

Tetraetýlblý má blanda í benzín, sem selt er á frjálsum markaði, ef það er lítað sérstaklega og öðru vísi en benzín eða annað eldsneyti, er ekki inniheldur tetraetýlblý. Benzíngeyma, tunnur og brúsa, sem hafa að geyma benzín, er inniheldur tetraetýlblý, skal merkja þannig: „Blýbenzín: Má einungis nota á benzín-hreyfla til eldsneytis“.

Fegrunar- og snyrtiefni.

6. gr.

Fegrunar- og snyrtiefni eru hrein efni, efnablöndur eða aðrar efnasamsetningar, sem borin eru á, núið er á, dyft (púðrað), úðað eða á annan hátt er dreift á líkama manna eða líkamshluta í þeim tilgangi að verja, hreinsa eða fegra og gera meir aðlaðandi en ella eða til þess að breyta útliti líkamans eða líkamshluta í öðrum tilgangi.

Fegrunar- og snyrtiefni mega *hvorki* innihalda *antimon-, arsen-, blý- eða kvikasilfurssambönd, né þau leysiefni í flokki hættulegra efna, sem talin eru á lista IV A*

(sjá þó 4. málsgr.). Enn fremur mega *parafenýlendíamín*, *paratólúýlendíamín*, *tetraklóretan* og *tetraklórmétan* ekki vera í fegrunar- og snyrtiefnum.

Eigi má nota til hárvotta þau *leysiefni* í flokki *hættulegra efna*, sem talin eru á lista IV A. Sama gildir um *tetraklóretan* og *tetraklórmétan*. Á ilátum um *dibrómetan*, *diklóretan* (1,2-diklóretan), *tetraklóretýlen* og *triklóretýlen* skal þess enn fremur sérstaklega getið, að efnin megi ekki nota til hárvotta.

Fegrunar- og snyrtiefni, sem notuð eru til þess að lakka neglur eða fjarlægja lakk af nöglum, mega innihalda þau *leysiefni*, sem greinir á lista IV A, enda skal eigi láta efnin (vökvar) úti í meira magni en nemur 50 ml.

Klóróform í tannkremi og sælgæti.

7. gr.

Í tannkremi má vera allt að 4% (w/w) af klóróformi og í sælgæti má vera allt að 2% (w/w) af efninu. Skylda má framleiðendur til þess að láta getið á umbúðum, hve mikið klóróform er í nefndum varningi.

Úðunarílát („spray-brúsar“).

8. gr.

Úðunarílát mega ekki innihalda þau *leysiefni*, sem greind eru á lista IV A.

Hegning og viðurlög.

9. gr.

Um hegningu og viðurlög fyrir brot á ákvæðum þessum skal fara samkvæmt 22. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni.

Gildistaka.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 16. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni og öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal IV.

Auglýsing um undanþágur frá ákvæðum laga um eiturefni og hættuleg efni.

Eftir tillögum landlæknis og eiturefnanefndar hafa eftirfarandi undanþágur verið heimilaðar frá ákvæðum laga um eiturefni og hættuleg efni, sbr. heimild í 21. gr. laganna:

1. Undanþegin ákvæðum 5. gr. laganna (viðtaka, kaup, sala, innflutningur) eru þessi eiturefni:
HEXICÍÐ (Lindan) til þess að eyða óþrifum í sauðfé, **ARSEN** í lit til notkunar í málningu, **ARSEN- OG KVIKASILFURSSAMBÓND** til þess að varna fúa í vefnaði og trjávöru og **TETRAETÝLBLEY** í benzíni til nota á benzinhreyfla til eldsneytis, enda skal gæta fyrirmæla að þessu lútandi í reglugerð um notkun og bann við notkun tiltekinna eiturefna og hættulegra efna, sem sett er samkvæmt heimild í 16. gr. laganna.
2. Undanþegin ákvæðum 1. málsgreinar 15. gr. laganna (íblöndun eiturefna og hættulegra efna í matvæli eða fóðurvörur) er **ÍBLÖNDUN NÍTRÍTA** (kalíum-nítrít, natríumnítrít) í síld, loðnu og annan bræðslufisk til þess að varna rotnun, enda skal gæta fyrirmæla að þessu lútandi í reglugerð, sem sett er samkvæmt heimild í öðrum lögum (sbr. reglugerð nr. 161/1966 um notkun rotvarnarefna til geymslu á síld, loðnu og öðrum bræðslufiski).